

Vinnuskýrslur fornleifa 2004


2

Þingnes við Elliðavatn

og Kjalarnesþing

Rannsóknasaga 1841 - 2003

Guðmundur Ólafsson



Reykjavík 2004

Forsíðumynd: Yfirlitskort af minjasvæðinu á Þingnesi, samkvæmt uppmælingum 1981 – 1984 og 1989. (Guðmundur Ólafsson, Paul C. Buckland).

Upphaflega lagt fram sem sérverkefni í fornleifafræði við Háskóla Íslands vorið 2004

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	5
2	RITHEIMILDIR OG UPPHAF UMRÆÐU	6
2.1	FORNTRIT.....	6
2.2	ÁRNI MAGNÚSSON.....	8
3	UPPHAF FORNLEIFARANNSÓKNA	9
3.1	JÓNAS HALLGRÍMSSON	9
3.1.1	<i>Þingnes í Elliðavatn.</i>	9
3.1.2	<i>Þingnes í Elliðavatni.</i>	12
4	DEILUR UM STAÐSETNINGU KJALARNESÞINGS	15
4.1	R. ANGUS SMITH.....	16
4.1.1	<i>To Iceland in a Yacht</i>	16
4.1.2	<i>On Some Ruins At Ellida Vatn and Kjalarnes in Iceland.</i>	18
4.2	SIGURÐUR GUÐMUNDSSON	20
4.3	KRISTIAN KÁLUND	22
4.4	SIGURÐUR VIGFÚSSON.....	23
4.4.1	<i>Rannsókn á blóthúsinu að Þyrli og fleira í Hvalfirði og um Kjalarnes.</i>	23
4.4.2	<i>Rannsókn í Kjalarnesþingi 1889. Við Elliðavatn (Krossnesþing).</i>	27
4.5	ÞORVALDUR THORODDSEN	30
4.6	BRYNJÚLFUR JÓNSSON.....	30
4.7	DANIEL BRUUN.....	33
5	RANNSÓKNIR ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS 1981 - 1986	35
5.1	RANNSÓKN 1981.....	36
5.2	RANNSÓKN 1982.....	38
5.3	RANNSÓKN 1983.....	39
5.4	RANNSÓKN 1984.....	41
5.5	RANNSÓKN 1985.....	42
5.6	RANNSÓKN 1986.....	44
5.7	UMRÆÐA Í KJÖLFAR RANNSÓKNA ÞJÓÐMINJASAFNS.....	45
6	RANNSÓKN ÞJÓÐMINJASAFNS OG HÍ 2003	46
7	EINSTAKAR MINJAR	47
7.1	MANNVIRKI 7 – BÚÐ?.....	47
7.2	MANNVIRKI 9 – BÚÐ?.....	49
7.3	MANNVIRKI 12 -TÓFT.....	51
7.4	MANNVIRKI 13 – BÚÐ?.....	54
7.5	MANNVIRKI 18 – HRINGLAGA GARÐUR ÚR GRJÓTI.....	56
7.6	MANNVIRKI 19 – HRINGLAGA GARÐUR ÚR TORFI	57
7.7	MANNVIRKI 20 – INNGANGUR.....	59
7.8	MANNVIRKI 21 - FERHYRND HELLULÖGN	59
7.9	MANNVIRKI 22 - VEGGJARBROT	60
7.10	MANNVIRKI 23 – SMÍÐJA?	61
7.11	MANNVIRKI 25 – BÆJARHÚS?.....	62
7.12	AÐRAR MINJAR	67
8	MUNIR	68
8.1	ALDUR MINJA Á ÞINGNESI.....	69
8.2	GJÓSKULÖG	69
9	HLUTVERK ÞINGNESS - UMRÆÐA	70
10	EINKENNI ÞINGSTAÐA	73

10.1	BÚÐIR	73
10.2	HRINGLAGA MANNVIRKI – DÓMHRINGAR?	75
11	NÍÐURSTÖÐUR	76
12	HEIMILDIR	78
12.1	ÓBIRT GÖGN	80

1 Inngangur

Á Þingnesi við Elliðavatn er dálítil þyrping fornra rústa sem lætur ekki mikið yfir sér þegar gengið er um staðinn. Til skamms tíma var staðurinn einnig ómerktur og áttu margir jafnvel erfitt að átta sig á hvar minjarnar væru, þó að þeir gengju um svæðið. Margt bendir til þess að þessar minjar séu hins vegar með merkustu minjum landsins, og að þarna séu hugsanlega leifar Kjalarnessþingstaðar, sem var fyrsti þingstaður landsins og líklega settur á fót rétt fyrir eða um 900.

Þrátt fyrir mikilvægi Kjalarnessþings féll staðurinn algerlega í gleysku, eins og flestir hinna fornu héraðsþingstaða og í dag er ekki vitað með vissu hvar þingið var haldið.

Með vaknandi þjóðerniskennd á 18. og 19. öld fóru ýmsir að svipast um eftir frægum stöðum sem nefndir voru í Fornsögum, þar á meðal Kjalarnessþingi. Nafnið „*Kjalarnessþing*” bendir óneitanlega til þess að það hafi staðið á Kjalarnesi, og þar hófu menn fyrst leit að staðnum.

Á 18. öld getur Árni Magnússon um örnefnið „Þingeyri” í Kollafirði.¹ Um 1880 virðist Þingeyri týnd en í staðinn talar Sigurður Vigfússon um „Leiðvöll” á Kjalarnesi.² Af lýsingunni að dæma virðist um sama stað að ræða. E.t.v. eru þessi örnefni (Þingeyri og Leiðvöllur) aðeins tilraunir viðkomandi fræðimanna á 18. og 19. öld til þess að finna Kjalarnessþingi líklegan stað og varasamt að byggja of mikið á þeim.

Spyrja má hvernig mönnum datt í hug að tengja Kjalarnessþing við stað eins og Þingnes sem er augljóslega ekki á Kjalarnesi. Meginástæðan fyrir því að farið var að leita að öðrum stöðum sem bent gætu til þinghalds á svæðinu kring um Faxaflóa er væntanlega sú að á Kjalarnesi hafa ekki fundist eða varðveist minjar sem bent gætu til þingstaðar.

Jónas Hallgrímsson, skáld og náttúrufræðingur, vakti fyrstur athygli manna á búðarústum í Þingnesi við Elliðavatn, og getur sér til að þar sé fundinn hinn forni Kjalarnessþingstaður, sem svo lengi hafði verið týndur.³

Í kjölfar þessa spunnust næstu áratugina miklar umræður um staðsetningu Kjalarnessþings meðal fræðimanna og stóð sú umræða meir og minna yfir fram yfir aldamótin 1900. Þá höfðu margir innlendir og erlendir fornfræðingar þess tíma heimsótt staðinn, mælt hann upp og lýst honum og sumir jafnvel grafið í rústirnar í rannsóknarskyni, eins og greint verður nánar frá hér á eftir. Rannsóknarsaga Þingness er

¹ Árni Magnússon 1955:61.

² Sigurður Vigfússon 1880:65.

því lengri og fjölbreyttari en en flestra annara minjastaða á Íslandi.

Allir sem könnuðu staðinn voru sammála um að þar væru um 15 – 20 rústir í þyrpingu, hringlaga mannvirki á miðju svæðinu, og að staðurinn væri líklega þingstaður. Með rannsóknaraðferðum þeirra tíma var ekki hægt að komast að endanlegri niðurstöðu um aldur og hlutverk staðarins. Rannsókir á staðnum lágu síðan niðri þar til Þjóðminjasafn Íslands hóf rannsókn árið 1981 og stóð hún í sex sumur eða til 1986. Þá lagðist hún af vegna umfangsmikilla rannsókna sem hófust á Bessastöðum vorið 1987. Árið 2003 hófust á nýjan leik rannsóknir á Þingnesi á vegum Þjóðminjasafns og Háskóla Íslands, sem liður í verkelegri kennslu í fornleifafræði.

Í þessari ritgerð er safnað saman á einn stað helstu ritheimildum um Kjalarnessþing og Þingnes og hin merkilega rannsóknarsaga staðarins rakin frá upphafi. Til þess að gefa sem besta innsýn í umræðuna og leifa röksemdum sem notaðar voru í umræðunni að njóta sín, eru hér endurbirtar helstu greinar þeirra fræðimanna sem mest létu sig þetta mál varða. Gerð er grein fyrir hverju mannvirki fyrir sig sem rannsakað var á árunum 1981 - 2003. Rætt er um niðurstöður rannsókna í ljósi núverandi vitneskju, aldur og hugsanlegt hlutverk minjanna á Þingnesi.


2 Ritheimildir og upphaf umræðu

Í þeirri umræðu sem átti sér stað á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar um Kjalarnessþing og Þingnes komu fram flest þau rök sem halda að mestu enn í dag. Umræðurnar eru bæði skemmtilegar og áhugaverðar og mikilvægt innlegg í rannsóknarsögu staðarins. Ástæðan fyrir því að þetta mál komst yfirleitt á dagskrá á sínum tíma er sú að Kjalarnessþings er getið í Íslenskum fornritum sem hins fyrsta þingstaðar á Íslandi

2.1 Fornrit

Samkvæmt frásögn *Landnámu* og *Íslendingabókar* á Þorsteinn Ingólfsson, sonur Ingólfs Arnarsonar, að hafa stofnað til þings áður en Alþingi var stofnað á Þingvöllum árið 930. Stofnun Kjalarnessþings er sennilega einn af merkustu atburðum landnámsaldar. Þá er mönnum greinilega orðið ljóst að ekki verði búið í landinu án þess að sett séu almenn lög og samskiptareglur og helstu höfðingjar virðast taka höndum saman um að koma á fót þessum fyrstu drögum að þinghaldi í landinu.

³ Jónas Hallgrímsson 1933:161-165.



Teikning sem sýnir landnám Ingólfs og helstu höfðingja sem komu að stofnun Kjalarnesþings. (Úr Íslensk fornrit I).

Um þennan atburð segir svo í þriðja kafla *Íslendingabókar*: „Alþingi var sett að ráði Úlfljóts og allra landsmanna þar sem nú er, en áður var þing á Kjalarnesi, það sem Þorsteinn Ingólfssonur landnámsmanns, faðir Þorkels mána lögsögumanns, hafði þar og höfðingjar þeir er að því hurfu.”

Í neðanmálgrein um þessa frásögn segir Jakob Benediktsson að ágreiningur hafi verið meðal fræðimanna hvort að Kjalarnesþing hafi verið héraðsþing eða vísir að allsherjarþingi. Hann tekur ekki afstöðu til þess, hvort sé rétt, en telur líklegt að á Kjalarnesþingi hafi farið fram undirbúningur að stofnun Alþingis.⁴

Í *Landnámabók* er frásögnin með svipuðum hætti: „Ingólfur átti Hallveigu Fróðadóttur, systur Lopts ins gamla. Þeirra sonur var Þorstein, er lét setja þing á Kjalarnesi, áður Alþingi var sett”. Í Þórðarbók stendur ekki á Kjalarnesi, heldur „á Krossnesi”, sem talið er að Þórður hafi bætt inn í handritið. Í neðanmálgrein greinir Jakob Benediktsson frá því að í viðbæti Þórðarbókar standi eftirfarandi klausa úr Melabók: „Þorsteinn Ingólfsson lét setja fyrstur manna þing á Kjalarnesi, áður alþingi var sett, við ráð Helga bjólu og Örylgs að Esjubergi og annarra viturra manna, og fylgir þar enn sökum (þess) því goðorði alþingishelgun”.⁵

⁴ Íslensk fornrit I 1968:8.

⁵ Íslensk fornrit I. 1968:46-47.

Kjalnesinga sögu, sem er reyndar ekki talin með áreiðanlegustu sögum, ber ekki saman við þessar frásagnir um stofnun Kjalarnesþings. Þar segir: „Þorgrímur (sonur Helga Bjólu landnámsmanns) lét setja várþing á Kjalarnesi suður við sjóinn; enn sér stað búðanna; þar skyldi öll mál sækja og þau ein til alþingis leggja, er þar yrði eigi sótt eða stærst væri”.⁶

Litlum sögum fer af þessu merka þingi. Aðeins eru tvær frásagnir varðveittar um mál sem borin voru upp á Kjalarnesþingi. Annars vegar er frásögn í *Kjalnesinga sögu* um að Þorsteinn Þorgrímsson á Hofi á Kjalarnesi, stefndi Búa Andriðssyni um rangan átrúnað til Kjalarnesþings og lét varða skóggang. Sótti hann málið og varð Búi sekur skógarmaður. Segir sagan, að hann hafi þá verið 12 vetra.⁷

Hins vegar er um að ræða vígamál sem spunnust út af deilum Ófeigs grettis og Þorbjarnar jarlakappa, sem lauk með því að Þorbjörn felldi Ófeig í Grettisgeil hjá Hæli. Leitað var til Öfundar tréfóts til þess að reifa málið. Hann fékk til liðs við sig Ólaf feilan, sonarson Auðar djúpúðgu. Í *Grettissögu* er frásögnin af málinu á þessa leið „og reið Ólafur suður með honum, og er Öfundur hitti vini sína og mága, þá buðu þeir honum til sín. Var þá talað um málin og lögð til Kjalarnesþings, því að þá var enn eigi sett alþingi. Síðan voru málin lögð í gjörð, og komu miklar bætur fyrir vígin, en Þorbjörn jarlakappi var sekur gjörri”.⁸ Þessir atburðir munu líklega hafa átt sér stað um 906 - 908.

2.2 Árni Magnússon


Þegar fornritum sleppir er elstu vísbendingu fyrir því að þingstaður hafi getað verið á Kjalarnesi, líklega að finna hjá Árna Magnússyni, handritasafnara. Í riti sínu *Chorographica Islandica* sem er tekið er saman á löngu árabili í upphafi 18. aldar birtir hann lauslega afstöðumynd af nokkrum örnefnum í Kollafirði. Þar er örnefnið Þingeyri merkt við nes á kortinu sem gengur út í miðjan Kollafjörð að norðanveru. Í athugasemd nefnir Árni m.a. að í landi Esjubergs sé enn sýndur fyrsti þingstaður á Sandeyri í Kollafirði.⁹

⁶ Íslensk fornrit XIV. 1959:8.

⁷ Íslensk fornrit XIV. 1959:10.

⁸ Íslensk fornrit VII. 1936:23-24.

⁹ Árni Magnússon 1955:61.



Kort Árna Magnússonar af Kollafirði þar sem skráð eru örnefnin: Helguskier, Þingeyre, Kollafjörður, og áttavísanirnar suður og austur. Engar minjar hafa fundist á þessu svæði sem bent gætu til þingstaðar.

3 Upphaf fornleifarannsókna

Jónas Hallgrímsson, skáld og náttúrufræðingur fékk áhuga á að finna Kjalarnesþing hið forna. Þegar hann hefur rannsóknir sínar virðist almennt hafa verið talið að þingstaðinn væri að finna á Kjalarnesi sjálfu, en að enginn vissi nákvæmlega hvar. Honum var sagt að vestan við bæinn Móa á Kjalarnesi væru leifar þingstaðar niður við sjó, en að þar væru engar sýnilegar minjar. Það eina sem þar minni á þingstað sé örnefnið Leiðvöllur. Hann fékk síðan upplýsingar um minjasvæðið við Elliðavatn og gerði út leiðangur til þess að rannsaka staðinn árið 1841 og fann þá 18 - 20 búðir og dómhring. Rannsókn hans er afar merkileg og með nokkrum sanni má segja að þessi rannsókn marki upphaf fræðilegra rannsókna á Íslandi, þó að frumstað sé. Mér er ekki kunnugt um aðrar eldri rannsóknir á fornleifum sem gerðar hafa verið á Íslandi af fræðimönnum.

3.1 Jónas Hallgrímsson

Niðurstöður Jónasar birtust í *Rit eftir Jónas Hallgrímsson III. Dagbækur, yfirlitsgreinar og fleira*. Annars vegar undir fyrirsögninni: „Tvær litlar rannsóknarferðir: 1. Þingnes í Elliðavatni”, og hins vegar „Uddrag af dagböger fra en rejse i Island Sommaren 1841, for saa vidt angaar Antikvariske iagttagelser”. Frásagnirnar eru mjög svipaðar en til þess að halda saman öllu sem Jónas skrifaði um rannsóknina eru þær báðar birtar hér eins og þær birtust á dönsku í dagbókum hans:

3.1.1 Þingnes í Elliðavatn.

„Da jeg i næstefvigte Vinter for Alvor begyndte at forespørge mig om Stedet, hvor det gamle Kjalarnesþing havde staaet, saa var der ingen, som kunde give mig nogen

Oplysning derom. Vel sagde man, at etsteds paa Kjalarnæsset, vesten for Gaarden Moar, ved Stranden, nok var Levninger af et Tingsted, men at man ikke saa der nogen Budetomter. Stedet kaldes desuden, vel at mærke, Leiðvöllur. Dette førte mig naturligvis til den Tanke, at Kjalnæsingerne vel i sin Tid havde holdt det aarlige »leiðarþing« paa dette Sted, men at det derfor ikke var afgjort, at Herredstinget nogen Sinde havde været der. Omtrent til samme Tid fik jeg at vide, at ved Elliðavatn, - en fiskerig Indsø, der ligger oven for Seltjarnarneset, paa de gamle Grænser af Kjosar- og Guldbringe-Sysseler og midt i Herredet Kjalarnesþing —, skulde der findes mange og anselige Tomter i et Næs, der gaar ud i bemeldte Indsø, midt i mellem Gaardene Vatns-endi og Vatn. Efter en foreløbig Undersøgelse tog jeg fra Reikevig til dette Sted om Aftenen den 20. Juni, da jeg næste Dag agtede at foretage der en Del Eftergravninger, i Haab om paa denne Maade at komme til et Resultat med Hensyn til bemeldte Tomters tidligere Bestemmelse.

Tidlig om Morgenen den 21. Juni begyndte jeg Arbejdet selv ottende, understøttet af 4 lejede Arbejdsfolk, min Følgemand og et Par Bekendtere.

Grundejeren, Proprietær Jón Jónsson paa Vatni, var selv til Stede og gav mig uindskrænket Tilladelse til at lade Eftergravningen foretage, hvor og hvorledes jeg selv vilde, alene med den billige Betingelse, at han selv maatte disponere over, hvad der muligvis maatte findes af Oldsager. Intet var derfor til Hinder for Arbejdets gode Fremgang i Forhold til de faa Kræfter, som stod til min Raadighed.

Først blev opgravet en Tomt, til Udseende en gammel búð, og vel en af de største, som jeg mindes at have set paa noget som helst Tingsted i Island. Dens Dimensioner var følgende:

Længde	32 Fod.
Bredde: den nederste Ende	14 —
— — översäte —	13 —
(Begge Maal indvendig.)	
Væggenes Tykkelse	ca. 6 —
Byggede af gode, dels udsøgte, men utilhuggede Sten.	
Indgangen, i den nederste eller laveste Ende Paa Tværvæggens Midte.	ca. 3 —

Af de nedfaldne Stenes Mængde kan man omtrentlig bedømme, at Væggenes Højde var ca. 3 Alen eller 6 F. — Denne Tomts indvendige Areal er saaledes noget over 100 □ Alen; den er i det mindste- den bredeste Bod af alle dem, som Islands gamle Tingsteder har at opvise.

Jeg siger búð, thi det er den uden al Tvivl. Eftergravningen har indtil Evidens vist, at det ikke har været nogen Slags Bygning, bestemt for Kreaturer. — Prøver er

medtagne af den fundne, ned-traadte, haarde Gulvskorpe, som skal bevise denne Paastand.

Dernæst begyndte Arbejdet straks nordvest for Tomterne paa et ophøjet Sted (hóll), hvor en Sten masse i Følge sin Dannelse gav Formodning om, at samme var Menneskeværk. Store Sten blev ved fælles Anstrengelser bortvæltede, men dette møjsommelige Arbejde førte til intet Resultat.

Herfra blev Arbejdet henflyttet til Tingnæssets mærkværdigste Sted, — en Stenkreds —, Domringen. — Det maa have været en næsten nøjagtig Cirkel, da dens Tomt endnu er kredsrund og Diameteren fra Øst til Vest og Syd til Nord er lige lang, nl. 43 Fod. Væggen har været 2 Alen bred nederst, og efter Mængden af de nedfaldne Sten at dømme, omtrent af samme Højde, eller med andre Ord, har rækket en Mand af Middelstørrelse til Brystet. Dette var ogsaa mest passende, naar Gærdet, uden at blive let overskredet, ikke skulde genere Almuen, som man nok kan tænke sig staaende rundt om Kredsen og støttende Armene paa det hellige Hegn, indenfor hvilket Love blev oplæste og offentlige Foranstaltninger bekendtgjorte, samt Domme afsagte i mange Sager, hvori alle tilstedeværende tog en levende Del.

— Bemærkes maa, at denne Domring støtter sig op til tvende Boder, saaledes at den føromtalte, opgravne Tomt udgør en Del af Kredsens Nordside, imedens Sidevæggen af tre forenede Tomter i Sø. slutter dens Omkreds. — Midt i Domringen bemærkes en Sten masse, som ikke kan hidrøre fra den nedfaldne Omkreds. Dens Bestemmelse er aldeles usikker og vil vedblive at være det indtil der kan foretages en fuld-stændig og omhyggelig Eftergravning. Ved de gjorte Forsøg har omtrent en Tredjedel af en indre Sten-kreds vist sig, og synes den at tyde hen paa, at Kredsen i de gamle Tider har været fuldstændig og da rimeligvis det gamle Dommersæde.

Dernæst blev efter Grundejerens Anmodning gjort en partiel Eftergravning i den øverste Tomt, kort oven for de nys beskrevne. Man var ikke saa heldig at opdage Oldsager. Det eneste, man fandt, var en skarpkantet, Ulle basaltisk Sten, som absolut ikke tilhører de basaltiske Masser der i Egnen.

Foruden det her anførte Arbejde er nogle andre Tomter flygtigt undersøgte i den Hensigt muligvis at kunne opdage et Ildsted, men uden Held. Ligesaa lidt førte det til et forønsket Resultat, at den nærmeste Grund uden for den største Tomt er omhyggelig opgravet (»búðarhlaðið«), Det var nemlig rimeligt, at en Del af det, som i sin Tid maatte antages at være udfejlet fra Buden, skulde indeholde et eller andet, som dens tidligere Beboere havde været ligegyldige før, imedens jeg, under nærværende Omstændigheder, med Begærlighed havde grebet det til Bevis for min subjektive Overbevisnings

Rigtighed. En Ting er imidlertid til Overflødighed aldeles afbevist ved dette Arbejde, nl. det tænkelige Brug af disse Tomter til Stalde eller i al Fald Natteleje for Faar eller Kvæg; thi det er vitterligt, i hele Island, at intet saadant Hus eksisterer, uden at en Møgdyng, »haugur«, opsamles straks foran Døren eller Indgangen, men intet Spor dertil var at opdage.

Tomterne er vel 20 i det hele og desuden den Førømmeldte Stenkreds. Hvilken Bestemmelse kunde de vel have haft? Deres Mængde, Dannels, Gulvets Beskaffenhed etc., tyder alt sammen hen paa, at de maa have tjent til mange Menneskers Opholdssted. Stedets Beliggenhed, Navnet: »Þingnes«, Stenkredsen, etc. synes endvidere at vise, at det i sin Tid har været et Tingsted. Paa den anden Side vil man have ondt ved at opvise nogen anden rimelig eller fornuftig Bestemmelse for disse Tomter. — Men har det været et Tingsted, saa har det tillige været af Betydenhed og vist intet mindre end et anseligt Herredsting; man skal ikke i hele Island kunne opvise saadanne Ruiner, hvor Herredstingene før har staaet, naar jeg alene undtager Þingey i Skjálfandafljó. Nu var her i hele Eggen intet Herredsting, med Undtagelse af Kjalarnesþing; altsaa sluttes:

Kjalarnesþing har før eller senere, maaske bestandig, været holdt i Þingnes ved Elliðavatn.

Jeg beklager meget, at jeg ikke, formedelst Mangel paa de simpleste Instrumenter, saa mig i Stand til at optage et lille Kort over dette mærkværdige Sted. Vedholdende Regn hele Eftermiddagen hindrede mig end ydermere fra at optage en foreløbig Haandtegning.

Ejeren er villig til at foretage eller lade foretage videre Eftersøgninger, hvis de nødvendige Omkostninger fra en eller anden Side blev bestridte.”¹⁰

3.1.2 Þingnes í Elliðavatni.

(Mandagen, d. 21. Juni 1841,)

“Hvor det formodes at „Kjalarnesþing hit forna” har staaet”

Efter en tidligere, foreløbig Undersøgelse, hvorved jeg kom til en subjektiv Overbevisning om Rigtigheden af denne Formodning, er jeg nu ankommen her paa Stedet med min for Sommeren antagne Følgemand, Skolediscipel Gunnar Hallgrímsson, og 4 Arbejdsfolk, for ved Eftergravning at søge, om det maatte lykkes ved samme at komme til noget Resultat, enten derved, at man var saa heldig at finde nogle Oldsager, eller da i al Fald ved Tomternes Rydning at komme til et bestemt Begreb om deres Form og øvrige Beskaffenhed, hvorfra man maatte kunne slutte sig til deres tidligere

Bestemmelse. Selv vil jeg da benytte Dagen dels til at lede Arbejdet, samt iagttage og beskrive dette formodede Tingsted, som da ogsaa vistnok har en stor Interesse, idet det er det ældste i Landet.

Arbejdet er i fuld Gang, og da Jorddrotten, Herr Jón paa Vatni, er selv til Stede og har givet mig uindskrænket Tilladelse til at lade Eftergravningen foretage, hvor og hvorledes jeg vil, blot med den selvfølgelige Betingelse, at han disponerer over, hvad der muligvis maatte findes af Oldsager, saa er intet til Hinder for at det kan faa saa god Fremgang som de faa Kræfter tillader, som staar til min Raadighed.”

„En Tomt er alt opgravet. Deraf fremgaar det indtil Evidens, at den ikke har nogen Sinde været en Faaresti, eller i det hele taget en Bygning, bestemt for Kreaturer. Prøver er medtagne af det nedtraadte Gulv, som skal bevise min Paastand. Hvortil kan da saadanne 18 eller 20 Tomter være bestemte, beliggende i en Udmark, hvor der bevislig aldrig har staaet nogen Gaard (bær), endvidere i et Næs eller Landtunge, der strækker sig ud i et rigt Fiske-»vatn«, - og som endnu den Dag i Dag fra umindelige Tider kaldes Þingnes? Ingen, som har set de ældre Tingsteder paa Island, vil kunne tvivle paa, at disse Tomter er »búðir« (Vaaningstomter før dem, der besøgte Tinget, og hvorover de plejede at udspænde et Telt, eller Vadmestag). Men nu saa mange og dels af saa betydelig Størrelse? Det maa have været et Herredsting, og da unægtelig netop Kjalarnesþing, da intet andet Herredsting nogen Sinde har veeret holdt i hele denne Egn.

Den opgravede Tomts Maal er følgende:

Længde 16 Al.

Bredde, i den nederste Ende 7 Al., øverste vel 6 ½.

Væggens Tykkelse ca. 3 Alen, byggede af gode, dets udsøgte, men utilhuggede Stene, Døren i den nederste eller laveste Ende, ca. 1 ½ Al., paa Væggens Midte.

Af de nedfaldne Stenes Mængde kan man omtrentlig bedømme, at Væggens Højde var ca. 3 Al.

Denne búðs indvendige Areal er saaledes noget over 100 □ Alen; den er [en] af de største, som Islands gamle Tingsteder har at opvise, sikkert den bredeste.

Efter denne Opgravning begyndte Arbejdet straks nordvest for Tomterne, paa et ophøjet Sted (hóll), hvor en Stenmasse gav Formodning om, at det var en Dysse. En Rad Stene, ca. 10 Al. lang, med Spor til en Sidevæg, gav desuden Haab om, at det hele var Menneskeværk. Store Stene blev ved fælles Anstrængelse bortvæltede, men det nøjsommelige Arbejde førte til intet Resultat. Saadanne Steder udfordrer meget Arbejde.

¹⁰ Eftirfarandi kafli er úr dagbókum Jónasar frá sumrinu 1841. 1933:161-165

Jeg maa, skønt noget tvivlsom, tiltræde Hr. Repst. Jóns og Herr Hakonsens Mening, at denne skuffende Stendynge kan være fremkommen derved, at Frosten Aar for Aar har sprængt en større Masse. Arten er Dolerit (den nyere Kløftlava). Af Mangel paa Tid og Kræfter kunde denne mislige Undersøgelse ikke fortsættes. Da jeg nemlig ikke tør angribe mit naturvidenskabelige Stipendium til at bruge noget af det til antikvariske Undersøgelser, saa må jeg alene stole paa nogle faa Venners Understøttelse, der desuden skal tilvejebringes ved Anmodning.

Fra dette Sted blev Arbejdet flyttet til Tingets mærkværdigste Sted, en Stenkreds, - Domringen. Den maa have været en næsten nøjagtig Cirkel, da dens Tomt endnu er kredsrund og Diameteren fra Øst til Vest og Nord til Syd er lige lang, nemlig 21 ½ Al. Væggen har været 2 Alen bred nederst og af de nedfaldne Stenes Mængde at bedømme omtr. af samme Højde, eller med andre Ord har rækket en Mand af Middelstørrelse til Brystet (náð undir hönd). Dette var ogsaa den mest passende Højde, man kan tænke sig, naar Gærdet, uden at blive let overskredet, ikke skulde genere Tingbesøgerne eller Almuen, som man nok kan tænke sig staa og støtte Armene paa det hellige Hegn, indenfor hvilket de vigtigste Love bliver oplæste og offentlige Foranstaltninger bekendtgjort, samt Domme afsagte i mange Sager, hvori alle tilstedeværende tog en levende Del. Bemærkes maa. at denne Domring støtter sig op til tvende Boder, saaledes at den føromtalte, meget vigtige Bod, maaske Þorsteins Ingólfssonar eller Þorkels mána, ligger med sit sydvestl. Hjørne op til Ringen, medens Sidevæggen af tre forenede Tomter i Sø. for Domringen ligefrem udgør en Del af dens Omkreds, saa langt som den strækker. Inden Domringen bemærkes en Masse Sten, som ikke kan hidrøre fra den bemeldte Omkreds. De maa være lagte derhen af Menneskehænder, men Bestemmelsen er aldeles usikker og vil vedblive at være det, indtil man kan foretage en fuldstændig og omhyggelig Eftergravning. Ved de gjorte Forsøg har omtrent en tredje Del af en mindre Ring, - en indre Kreds -, vist sig, som tyder hen paa. at den har været fuldstændig og da tillige det egentlige Dommersæde, medens den forsamlede Mængde stod udenfor det ydre Gærde, adskilt fra de fredhellige Mænd ved et dobbelt Hegn.

Dernæst blev efter Jorddrottens Anmodning gjort en partiel Eftergravning i den øverste Tomt, kort ovenfor de beskrevne. Man var ikke saa heldig at opdage nogen værdifulde Genstande, naar Jeg maaske undtager en skarpkantet, lille basaltisk Sten, som ikke tilhører den der almindelige Stenmasse, der i Eggen. Bestemmelsen er uvis. Foruden det her omtalte Arbejde er flere Tomter rigtignok flygtigt undersøgte i den Hensigt at opdage et Ildsted; det har imidlertid hidtil ikke kunnet lykkes. Lige saa lidt har det tørt til et heldigt Resultat, at den nærmeste Grund udenfor den største Tomt er

opgravet (búðarhlaðið), i den Hensigt at vinde antikvarisk Udbytte. Det var nemlig rimeligt, at en Del af det udfejede maatte kunne indeholde noget, som de tidligere Beboere var ligegyldigt, imedens vi nu vilde modtage det med Begærlighed som historisk Bidrag. En Ting er imidlertid fuldkommen afbevist derved, nemlig det tænkelige Brug af disse Tomter til Kreaturers Nattegemme eller Staldfodring, thi det er vitterligt i hele Island, at intet saadant Hus eksisterer, uden at en Møgdyngge, haugur, opsamles straks foran Døren.

Arbejdstiden for i Dag er mere end leden; jeg maa derfor holde op, idet jeg meget beklager, at jeg ikke, formedelst Mangel paa de simpleste Instrumenter, saa mig i Stand til at optage et Kort over dette lille og let overkommelige Sted. Vedholdende Regnvejr hele Eftermiddagen har end ydermere forhindret mig fra at optage en foreløbig Haandtegning. Tomterne er ca. 18, eller maaske 20. Bodernes Størrelse fuldkommen som paa de øvrige Herredstingsteder, som jeg har set, med Undtagelse af Þingey.

Ejeren er villig til at foretage eller tillade, at videre Eftersøgninger bliver foretagne, naar de nødvendige Omkostninger fra en eller anden Side bliver be-stridte.

Dagen har saa meget mere gaet for mig, til Opsynet ved dette Arbejde, som jeg har været syg. Jeg kan derfor intet tilføje af geologisk Interesse, naar jeg undtager, at jeg har opdaget Udgangsstedet for den Lavastrøm, som har udgydt sig ned igennem Elliðaárgilið (Lavaens Løb). Det er nl. Rauðhólar, en Klynge af Kratere nordøsten for Vatn.”¹¹

4 Deilur um staðsetningu Kjalarnesþings

Niðurstöður Jónasar hleyptu af stað miklum vangaveltum og nokkrum deilum um staðsetningu Kjalarnesþings sem stóðu fram yfir aldamótin 1900, en lognuðust svo útaf vegna skorts á frekari sönnunargögnum. Það kann að þykja einkennilegt að ekki hafi fundist nein ný sönnunargögn sem skorið gætu úr þessari deilu þegar þess er gætt að enginn staður á Íslandi hefur verið rannsakaður jafn oft og rústirnar í Þingnesi. Þarna grófu nefnilega bæði íslenskir og erlendir fornfræðingar þess tíma hver á fætur öðrum án þess að takast að ráða gátu staðarins. Ástæða þess er sú að hann er óvenju erfitt viðfangsefni, eins og vikið verður að síðar. Af helstu fræðimönnum sem þarna grófu auk Jónasar má nefna Angus Smith, skoskan fornfræðing sem rannsakaði staðinn árið 1872; Sigurð Vigfússon árið 1889; Daniel Bruun og Björn M. Olsen árin 1896 - 1897.

Að auki könnuðu allir helstu fornfræðingar landsins staðinn og gerðu athuganir á honum. Þar á meðal Kristian Kaalund, Sigurður Guðmundsson, Sigurður Vigfússon og

Brynjólfur frá Minna Núpi.

Sú umræða um Kjalarnesþing sem spratt af rannsóknum Jónasar er mjög skemmtileg og er afar áhugavert að kynnast hugmyndum og sjónarmiðum þessarar fræðimanna sem um hann fjölluðu fyrir rúmum hundrað árum.

Þrátt fyrir að ályktanir og niðurstöður taki gjarnan mið af því að verið er að reyna að útskýra hvernig Kjalarnesþing sé upp við Þingnes en ekki á Kjalarnesi, er engin ástæða til að rengja glöggskyggni rannsóknarmanna í lýsingum sínum á sjálfum minjunum. Hér á eftir eru endurbirtar allar helstu greinar fræðimanna sem fjölluðu um Kjalarnesþing og minjarnar á Þingnesi. Þannig fæst heilstæð mynd af rannsóknarniðurstöðum og ályktunum menn drógu af þeim á sínum tíma.

4.1 R. Angus Smith

Árið 1872 kom skoskur fornfræðingur til Íslands, R. Angus Smith að nafni. Hann frétti af minjunum á Þingnesi og fór á staðinn til að kanna þær og gróf einnig lítils háttar í rústirnar. Hann greindi frá þessari rannsókn sinni í ferðasögunni *To Iceland in a Yacht* og ritgerðinni *On Some Ruins at Ellida Vatn and Kjalarnes in Iceland*. Þessar greinar eru sérstaklega merkilegar vegna þess að með þeim birti hann einnig uppdrætti af staðnum sem hann hafði fengið Sigurð Guðmundsson til þess að teikna fyrir sig. Greinarnar eru hér birtar á frummálinu.

4.1.1 To Iceland in a Yacht

4.1.1.1 *Krossnes*.

„Mr. Arnason had not the ponies ready, as he had not counted on three going, besides the guide and our good friend Mr. Gudmundsson, the artist; so it was midday before we set off to Ellida Vatn. The road for about three or four miles was the usual one to the Thingvalla, and had really a lively appearance when strings of ponies came to and from the town - the loaded ones going steadily forward with their treasures, and the light ones dancing pleasantly. In the valley, and south of the slight hill over which we passed on leaving the town, was a dark peat-bog, and peats drying. The bed went down to the sea. The peat, when dried, has a light-brown colour, and is put in clumps of an irregular shape as if it were not cut but scraped out of water. The hill was without grass, the road had only gravel on the sides; that which ought to have been a field was gravel, and but for the sunshine, the cheerlessness would have been great. There was no grass, not even

¹¹ Jónas Hallgrímsson 1933:137 – 142.

a blade, but here and there was a bunch of the most perfect thyme, the flowers fresh and sharply carved as it were in porcelain. These bunches were dotted over our way for miles, and it is not true, as some one has unfeelingly said, that this thyme had no smell; the smell was as transcendent as the beauty of the flower. Was this more beautiful than any that we had ever seen, or was it the wonderful contrast that disturbed our judgment - the unexpected vision of this gem made here quite common?

As we moved on out of the slopes that lead to the sea, and had a vision only of the inland hills and no-hills—we cannot say levels—we saw the white tents of travellers from the interior that had sought some spot where several blades of grass existed, in order to rest before going into the town. It was a somewhat Eastern scene, and the gravelly earth and stony hills might make one think of Sinai, so long as the sun was up. There were occasionally small tufts of grass on some of the ground that had the general appearance of being utterly desolate; probably it was on these tufts that

4.1.1.2 Kjalarnes and Ellidavatn.

I did not intend to say much about Krossnes, but as the short paper I read concerning it may not be printed this year, I shall expand the account of it a little. The question is, first, Was this Kjalarnes Thing as put on the map? Professor Maurer, who knows more of such subjects than any other person of whom I have heard, and who is the undoubted first authority, says that it could not be so, but that Kjalarnes must have been under Esja. The account of the temple being at Hof seems to render this part clear, and the Thingstead being at the seaside. I shall give his letter, written from Munich, 28th November 1872: -

"I have just received your letter of the 25th inst., and hasten to reply, as I know how disagreeable it is to be troubled with doubts such as those that press upon you. Now, as the point you wish solved is clear, I believe I can do it with considerable certainty.

"Kjalarnes is, and in old times was, only that piece of land which lies north of Reykjavík, on the southern and western slopes of Esja. Whether originally it included only a smaller part of this district—namely, a single promontory—I leave for the present. Not only the Kjalnesinga Saga, but the *Islendinga-bók* and the *Landnáma*, the most trustworthy sources of the history of Iceland, tell us of the Kjalarnesthing, but the accounts certainly do not agree. According to the *Islendinga-bók* and *Landnáma-bók*, Thorsteinn established a 'Thing á Kjalarnesi' and Helgi Bjóla is mentioned as coadjutor living at Hof, then Orlygr the old, living at Esjuberg. Accordingly, Thorsteinn, as well as his father Ingolfr, and his son Thorkell Máni, dwelt at Reykjavík, and these two last

chiefs dwelt in the Kjalarnes district, and there is no reason for doubting the assertion that the Thing was established at Kjalarnes.”

"The Kjalnesinga Saga, on the other hand, says that the Thing was established by Thorgrímr, and differs so far from the above, if indeed one ...”¹²

4.1.2 On Some Ruins At Ellida Vatn and Kjalarnes in Iceland.


In June and July of this year (1872) I had the privilege of sailing in the yacht Nyanza, belonging to my friend Mr Young, and of floating in the harbour of Reykjavik for a couple- of weeks. During this time we found long journeys unpleasant and too laborious to make, and, unlike tourists generally, we confined ourselves to a circuit of a few miles. One of the first sights that caught my eye, after gazing in a bleak morning on black shores and unclad hills, was a small island, almost approachable with dry feet from the town during low water. It is called Effersey, because, as is supposed by Mr Thorsteinsen, the Sheriff, it is just beyond the reach of an arrow from the mainland. There were two ruinous heaps upon it visible from the vessel, but the island was uninhabited. I had frequent opportunities of going there. We let down the gig, and were rowed over in five minutes. Some of us fished round the shores, and looked after a seal which sometimes showed itself, or looked at the solitary nest of an eider duck, the last of the season. In these hours it was easy to become acquainted with ground about one quarter of a mile long and not so much broad. I fear it is not even recognisable on the large Danish map. There are on it several remains of houses, having the thick walls of the Iceland fashion, and small interiors. These, I was told by the Sheriff, had been fishing-stations - places for the abodes of fishermen and for salting and drying fish - not later than last century. Five rings or circles of stones, set apart, particularly fixed my attention. They were like the stone circles of the West of Scotland, made with very small stones, but still more like those figured by Waring as in Sweden. I did not measure each circle; but they were 10 to 15 feet in diameter, and one a good deal more. They were clear and unbroken. In speaking of stone circles, it is not at all decided by what we should describe them. To be more precise people generally say circles such as are called Druidical. Now, it is better to have a proper word and no such periphrasis suggestive of a theory which seems untenable; and after trying many, I have come to the conclusion that stone circles is the simplest and best compound.

The closeness of these circles to a fishing establishment, and also to a kind of

¹² R. Angus Smith 1873:96 – 114.

landing-place, suggested something connected with drying; "but although this fancy came into the heads of my Iceland friends, none could explain how the circle could be used. No erection could be put over the stones; they had not sufficient surface above, and no traces of such a foundation as could support an erection could be seen. I opened the ground in the centre of one, but found nothing but earth. This, however, proves nothing. The stones were not a foot above the ground, and in some cases nearly level with it; but there they were, making stone circles. Some of these circles cut each other: on this I have no remark. Allowing for a moment that some easy explanation might occur, I wandered to other parts, and at the extreme west, and close to the sea where it rolls in towards the bay, were two cairns. Cairns they were unmistakably; one becomes used to the appearance of such even in decay, Every person I spoke to of them in the town stoutly denied the existence of any such thing close to Reykjavik; but they were easy to distinguish, from the great heaps of stone that seem to have been driven far up the shore by violent waves. One of these cairns was almost levelled, with the ground, scarce a wreck remaining above; and yet we could see it had been higher, perhaps opened. No one would have believed me had I not; obtained abundant proof. On removing a few stones, it became clear that not only had it been a cairn, but it contained a stone kist, proving fully the correctness of the diagnosis".¹³

¹³ R.Angus Smith 1874:3 – 29.




Uppdráttur Sigurðar Guðmundssonar sem birtist í ritgerð eftir Angus Smith árið 1873.

4.2 Sigurður Guðmundsson

Í safni Sigurður Guðmundssonar í Þjóðminjasafni eru varðveittar uppmælingar hans á rústum á Þingnesi frá árinu 1866, sem sýnir að hann hefur verið að velta minjunum fyrir sér áður en Angus Smith kom til landsins og verið búinn að mæla nokkrar þeirra upp. Á minnisblaðinu má lesa eftirfarandi: Búðir í Þingnesi hjá Elliðavatni þær eru als 11 að tölu [14 með þeim tvöföldu eg reikna þær 3 í nesinu fremst sem eina] sem eg fann áreiðanlega og sú 12 á hæð sem ekki er alveg víst að sé búð eingvar dir sjást með vissu á neinni búð enn þó lítur út að flestar hafi dir í endann. á tveim stöðum eru tvöfaldar búðir eða 2 samhliða (a) (b) ein er tvöföld svo að endarnir snúa saman (c) hvergi sá eg votta fyrir eldhúsum né gjörvabúrum eða reglulegum aukabúðum á hólnum í framanverðu nesinu sést ekkert votta fyrir dómhring né neinu mannvirki og hvergi þar á hæðunum í kring sá eg votta fyrir hring. enn þó gétur verið að þetta á hæðinni hafi verið dómstaður því það er að mestu jafnt á alla vegu enn ekki er hægt að sjá hvort þar er mannvirki á

nema grafið væri.”¹⁴ - Þetta eru elstu teikningar sem til eru af minjunum á Þingnesi.



Blaðsíða í minnisbók Sigurðar Guðmundssonar málara frá 9. júlí 1866, með uppdráttum og athugasemdum um rústir á Þingnesi við Elliðavatn.

Sigurður Guðmundsson teiknaði einnig fyrsta uppdráttinn sem birtist á prenti af Þingnesi og sýnilegum minjunum þar fyrir fornfræðinginn Angus Smith sem birti uppdrættina með frásögnum sínum um Kjalarnesþing. Annars vegar er þetta yfirlitskort af Þingnesi þar sem sýndar eru leifar af 14 - 17 rústum og hins vegar var sérstök teikning af hringlaga grjóthring og steinum innan hans.

Samkvæmt yfirlitsteikningunni liggja tóftirnar í tveimur samsíða röðum og þriðju röð sem er nyrst og sem snýr aðeins öðruvísi. Stórir hringlaga hólur eru sín hvoru megin við tóftirnar og á milli þeirra er hringlaga mannvirki, nr. 10 á kortinu, sem fellur nánast

¹⁴ Sigurður Guðmundsson Handrit 05:6-c.

inn í tóftaröðina sem er í miðju. Þessi kort eru vel gerð og furðu nákvæm, og eru mjög mikilvægar heimildir um hvaða minjar voru sýnilegar á þessum tíma. Samanburður á þessu korti við nýlegar mælingar sýna t.d. að engar minjar virðast hafa horfið undir vatn þegar vatnsyfirborðið hækkaði við stíflugerðina um 1924. Hins vegar gæti rúst nr 4 í syðstu tóftaröðinni, sem sýnir þrjár samsíða tóftir, hafa orðið fyrir skemmdum þegar grafið var fyrir rotþró þegar sumarbústaður var byggður á Þingnesi á 5.- eða 6. áratug 20. aldar.

4.3 Kristian Kålund

Kristian Kålund dvaldist á Íslandi við ferðalög og rannsóknir á sögustöðum á árunum 1872 – 1874. Rit hans *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island* kom út árið 1877. Hann hefur augljóslega komið að Þingnesi og lýsir minjunum þar, og finnst þær minna á aðra þingstaði, en er greinilega ekki sannfærður um að um að þarna sé Kjalarnesþing. Frásögn hans af staðnum er hér í þýðingu Haraldar Matthíassonar:

„Athylgisverðara sem fornminjar er þó Þingnes, lítið nes, sem liggur norður í vatnið um það bil frá miðri suðurhlið þess. Nesið er grýtt og óslétt, framhald af holtinu með mörgum skorum og smávíkum, en í aðaldráttum óreglulegur þríhyrningur, fram að því liggur lítill hólmur og mjótt sund á milli. Spölkorn inni á nesinu er dálítill grasflöt; á aðra hlið er hæð á nesinu miðju, en önnur minni norðvestan við hana og því nærri ströndinni. Þarna eru sýnilegar minjar um gamlan þingstað. Í lægðinni sjálfri milli hæðanna liggja 12 – 14 búðatóftir í þéttri þyrpingu, og mitt á milli þeirra mótar óljóst fyrir grjóthring (dómhringurinn?), þar að auki sjást nokkrar tóftir þar sem landið er hærra norðvestan við grasflötina. Tóftirnar eru allar mjög ógreinilegar, ef til vill óljósar þeim er þar ætti leið um af tilviljun. Flestar virðast þær aðeins ferhyrnd aflöng laut ofan í jörðina, en veggirnir aðeins lítills háttar upphækkun yfir landið í kring, en sá sem veitir þeim athygli og þekkir eitthvað til gamalla íslenskra þingstaða, sér vel í gerð þeirra og niðurskipun greinileg merki þingbúða.

Tóftirnar eru meðalstórar, lengdin um 12 – 16 álnir, breiddin er 4 – 6 álnir; þar eru einnig tvöfaldar eða sambyggðar búðir eins og sjá má á ýmsum gömlum þingstöðum. Þessar fornaldarminjar rannsakaði Jónas Hallgrímsson skáld árið 1841, sem fékk opinberan styrk 1837 og 1839-42 til náttúrufræðilegs ferðalags á Íslandi. Hefur varðveitt skýrsla (á dönsku) til Finns Magnússonar. Jónas Hallgrímsson gróf upp „dómhringinn“ og nokkarar búðir. Þvermál dómhringsins segir hann vera rúmar 20 álnir, veggina telur hann hafa verið um 2 álna háa, og í miðju hringsins telur hann sig finna merki um sæti fyrir dómarana. Að öðru leyti leitast hann einkum við að sýna, að

búðirnar hafi ekki verið fjárhús, og í því skyni hefur hann rannsakað vandlega jarðveginn í þeim og kringum þær. Réttilega vekur hann athygli á þeirri ábendingu, sem felst í nafninu sjálfu, að þarna hafi fyrrum verið þingstaður. Aftur á móti er það tilgáta hans, að þarna hafi verið háð merkasta þing á Íslandi fyrir stofnun Alþingis, Kjalarnesþing, og af þessari tilgátu er nafnið sett á þennan stað á hinu alkunna Íslandskorti Björns Gunnlaugssonar. Þar er þó ekkert að styðjast við, a.m.k. ekki að þarna hafi þetta þing upphaflega verið háð. – Sigurður Guðmundsson málari, sem lést 1874, teiknaði síðan staðinn ásamt fornum ummerkjum. Dr. Angus Smith í Edinborg gaf teikningu út 1874 í ritum skoska fornleifafélgsins. Hér til viðbótar kemur nafnið „Krossnes”, sem stafar sennilega eingöngu af því, að nesið hefur verið talið hafa nokkra krosslöggun, en væri eftirtektarvert, ef það er ekki alger tilviljun, að orðamunur Landnámu (Ísl. fornrit I 46 nm. 3) hefur Krossnes í staðinn fyrir Kjalarnes um þann stað, þar sem Þorsteinn Ingólfsson setti þingið. Það verður því að vera óráðið, hvaða þing hefur verið háð hér, hvort Kjalarnesþing hefur nokkurn tíma verið háð hér eða hvort búðirnar stafa frá einhverju óreglulegu þinghaldi eða hvort það er vegna nýs goðorðs sem stofnað hafi verið vegna setningar fimmtardóms”.¹⁵

4.4 Sigurður Vigfússon

Sigurður Vigfússon var einn helsti eldhugi 19. aldar um íslenskar fornsögur og líklega ötulasti fornfræðingur Íslands síns tíma. Hann var óþreytandi í því að sýna fram á sannleiksgildi fornsagnanna með rannsóknum sínum. Hann varð umsjónarmaður Forngripasafnsins árið 1878 og einn helsti hvatamaður að stofnun Hins íslenska fornleifafélags árið 1879. Hann fór í fjölmargar rannsóknarferðir um landið þar sem hann kannaði forna minjastaði og m.a. marga þingstaði. Í eftirfarandi grein sem birtist í fyrstu Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1880 gerði hann grein fyrir skoðunum sínum varðandi Kjalarnesþing og fleiri þingstaði. Hann færir ýmis rök fyrir því að þingið hafi upphaflega getað verið á Kjalarnesi en síðar verið flutt þaðan að Þingnesi:

4.4.1 Rannsókn á blóthúsinu að Þyrli og fleira í Hvalfirði og um Kjalarnes.

„Eftir ályktun fornleifafélagsins fór *eg* af stað upp í Hvalfjörð þriðjudaginn, 20. júlí. Eg fór fyrir framan Esju og út á Kjalarnes; fyrst kom eg á **Leiðvöll**, þar sem Kjalarnesþing hið forna fyrst á að hafa sett verið, eftir því sem sögurnar benda á eða einkannlega Kjalnesingasaga. Leiðvöllr er spottakorn út frá Mógilsá undir kleifunum við sjóinn skamt út með Kollafirði að norðan. Það er breið grjóteyri, er gengr út í sjóinn, og sem

¹⁵ Íslenzkir sögustaðir I. 1984:13-14.

malarkambr að framan. Langs fyrir ofan eyrina liggur síki; þar upp af að austanverðu er lítil graseyri, sem nú heitir kirkjuflötr; á henni sjást litlar leifar af lítilli tótt og þó mjög óglögt. Þetta eru öll þau mannvirki, sem hér sjást nú, og leitaði eg þó vandlega bæði um eyrina og svo í brekkunni upp af, sem víða er grasi vaxin. og sá engin mannvirki hvorugum megin við síkið. Hafi hið forna Kjalarnesþing verið sett hér í öndverðu, hlýtr hér alt að vera orðið umbreytt; enda eru líkindi til, að sjávangangr hafi umbreytt þessum stað. Hafi áður verið jarðvegr yfir eyrinni, og með því að síkið eða tjörnin hafi eigi verið í fomöld, enn grafið sig niðr síðar, þá er eigi ómögulegt að hugsa sér, að þessi staðr hafi verið hafðr fyrir þingstað¹.

1) Eg skal taka hér fram öll þau skýrteini, er sögur vorar færa fyrir hinum foma þingstað Kjalnesinga. Kjalnesingasaga, Kh. 1847, bls. 404₆, segir: „Þorgrímr (Helgason bjólu) lét setja *vorþing á Kjalarnesi suðr við sjóinn*; enn sér stað búðanna”. Eins og kunnugt er, er Kjalnesingasaga mjög ýkt og eigi ein af vorum góðu sögum, enn sá kafli hennar, sem hljóðar um lýsing á Kjalarneshofinu og blótsiðum og að nokkru leyti um þingsetninguna, virðist að vera tekinn úr fornri sögu, sem hér hafi verið byggt á, því að lýsingin á hofinu er að mörgu lík því, sem Eyrbyggjasaga segir um hofið í Þórsnesi, Sömmuleiðis ber Kjalnesingasögu saman við Melabók um Kjalarneshofið og þingsetninguna: „Þorsteinn Ingólfsson lét setja fyrstr manna þing á Kjalarnesi, áður alþingi var sett, við ráð Helga Bjólu og Erlygs at Esjubergi og annarra vitra manna” (Landn. Kh. 1843, bl. 336₁₉). Landn. Kh. 1843, bl. 38₈, segir: „Þeirra son (Ingólfs og Hallveigar) var Þorsteinn, er þing lét setja á Kjalarnesi, áður alþingi var sett”. Enn langmerkast er það, sem Ari fróði segir um þingstað Kjalnesinga í Íslendingabók, kap. 3, Landn. 1843, 6₁: „Alþingi vas sett at rápi Úlflyóts oc allra landsmanna þar es nú es; en áþr vas *þing á Kjalarnesi*; þat es Þorsteinn Ingólfsson landnámamanns, faþir Þorkels mána lögsögomanns, hafþi þar, oc höfþingjar þeir es at því hurfo”. Hér ber öllum sögunum fjórum saman um, að hið forna Kjalarnesþing hafi verið sett *á Kjalarnesi*; einungis tileinkar Kjalnesingasaga Þorgrími Helgasyni þingsetninguna, enn nefnir eigi þar til Þorstein Ingólfsson, eins og allar hinar, og sem auðvitað er að var höfuð-maðrinn í þingsetningunni, þar sem hann bæði var sonr hins fyrsta og göfugusta landnámsmanns, sem hafði numið land í öllu Kjalarnesþingi áður, og var sjálfr auk þess aðalhöfðingi. Það er því ljóst af sögunum, að hið fyrsta Kjalarnesþing hlýtr að hafa verið sett innan þeirra takmarka, sem Kjalarnes var, eða á sjálfu Kjalarnesi. Kjalarnes gat eðlilega heitið alt nesið fram undan Esjunni og inn að Kollafjarðarbotni að sunnan. Ef nú þingið hefði verið sett einhvers staðar sunnar í héraðinu eða þar hærra uppi, þá var óeðlilegt að segja, að þingið hefði verið sett á *Kjalarnesi*.

Enn, eins og kunnugt er, hefir Jónas Hallgrímsson fyrstr manna vakið eftirtekt á fornum búðarrústum í nesi því, er Þingnes heitir og gengr sunnan í Elliðavatn, og telr hann það óefað, að þar hafi verið fornar búðir eða þingstaðr. Hann rannsakaði þenna stað í júní 1841 við sjöunda mann, og gróf hann upp eina búð; var hún 32 fet á lengd innan veggja og 14 ábreidd sömuleiðis innan veggja og veggirnir 6 feta þykkir. Jónas telr það víst, að þetta sé hvorki peningshús né neinar aðrar slíkar tóttir, af þeirri sönnu ástæðu, að hann fann þar enga gólfskán eða nein þess konar kennimerki, sem vön eru að finnast í slíkum tóttum, hvé gamlar sem þær verða (sjá Dagbók Jónasar Hallgrímssonar 1841; sbr. R. Angus Smith P.H. D., F. K. S. &c. On some ruins at Ellida Vatn and Kjalarnes in Iceland, Edinburgh 1872, bl. 20-21). Sigurðr Guðmundsson málarí tók uppdrátt (kort) fyrir Smith af þessum stað 1873, sem er prentaðr í bók Smiths, er þegar var nefnd. Eg kom á þenna stað löngu fyrir 1873 og sá eg þar þá merki víst til 12 búða, og hring fann eg þar einnig milli tveggja rústanna. Eftir öllum þeim kennimerkjum, sem þessi staðr hefir, er það varla efamál, að hér hefir verið fornt héraðsþing, og getr það þá ekkert annað þing verið enn Kjalarnesþing; það væri líka næsta undarlegt, að ekki skyldi finnast nein keinnimerki um Kjalarnes-þing, eins og um flesta aðra forna héraðsþingstaði á landinu, t. d. Árneshöfði, Þingskálalæping (Rangæingalæping), Þórshöfði, Þorskafjarðarþing og Hegranesþing. Þetta vóru alt héraðsþing, og á öllum þessum þingstöðum sjást meiri eða minni forn ummerki, og þannig mun vera um fleiri héraðsþing. Eg hefi og komið á aðra þingstaði, þar sem forn þing vóru háð, enn sem þó ekki munu hafa verið löggilt héraðsþing, eftir að héraðsþingin vóru ákveðin og fjórðungsdómar vóru settir. Eitt hið merkasta af þessum þingum er Þingeyrarþing í Dýrafirði, og sjást þar búðartóttirnar greinilega, hversu mjög sem þær eru vallgrónar.

Aðalatriði þessa máls er því að færa sennilegar ástæður fyrir báðum þessum þingstöðum. Það er enginn vandi að segja, að Þingnes í Elliðavatni hafi verið hinn elzti þingstaðr Kjalnesinga, enn kasta burtu öllu því sem sögur vorar segja um Kjalarnesþing. Það, sem í fljótu bragði kann að virðast nokkuð óeðlilegt, er, að Þorsteinn Ingólfsson hafi látið setja þingið upp við Kollafjörð, þar sem það var nær höfðingjum á Kjalarnesi enn honum, enn eg fæ ekki séð neitt óeðlilegt í þessu. Einmitt á Kjalarnesi og þar nálægt eru nefndir þeir mestu höfðingjar, er þá munu hafa verið uppi, er þingið var sett, Helgi Bjóla, sem bjó að Hofi á Kjalarnesi, Örlygr gamli at Esjubergi og Þórðr Skeggi á Skeggjastöðum, upp frá Mosfelli, og það var einmitt með ráði þessara höfðingja, að Þorsteinn setti þingið. Það er sjálf-sagt, að þingstaðrinn í Þingnesi liggir á hentugra stað í þinghánni enn þingið við Kollafjörð, enn þegar að er gáð, þá liggir þó sá þingstaðr á allhentugum stað bæði fyrir þá, sem kómu saman austan og vestan. Eg hygg, að

Kjalarnesþing hið forna hafi í fyrstu náð yfir alt landnám Ingólfs, enn eins og Landn. segir, bl. 37 6, var landnám Ingólfs þetta: „En Ingólfr nam land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar, fyrir utan Brynjudalsá milli ok Öxarár, ok öll nes út”. Eg verð því að álíta það rétt, sem sögurnar segja, að höfðingjar þeir, sem hér er um að ræða, hafi komið sér saman um, að setja þingið á Leiðvelli við Kollafjörð, sem, eins og áður er sagt, heitir á Kjalarnesi, enn þessi staðr verðr að hafa umbreyzt síðan, og orðið því óhæfilegr fyrir þingstað; þess vegna ætla eg, að þingið hafi síðar verið flutt af Leiðvelli og suðr í Þingnes við Elliðavatn, og til þess var enn meiri ástæða þar sem sá staðr var hentugri í sjálfum sér og lá enn betr við. Eg hygg, að Kjalarnesþing hafi eigi verið all-lengi á Leiðvelli og hafi að minsta kosti verið flutt þaðan þegar fjórðungsdórnar vóru settir, eða þar á eftir. Eg get fært að því ástæður, ef á þarf að halda, að breyting varð á þingstöðum, þegar fjórðungsdómar vóru settir. Þá mun einnig umbót hafa gjörð verið á því sem fleira í lögnum, að þingin vóru færð á sem hentugasta staði. Eg skal t. d. nefna höfuðhéraðsþingin í Vestfirðingafjórðungi. Þau vóru: Þorskafjarðarþing, Þórnesing og Þingnesþing í Borgarfirði sunnan til við Hvítá nálægt Þingnesi. Vestfirðingafjórðungur náði þá suðr að Hvalfirði. Nú vóru, eins og Grág. segir, þrjú þing í hverjum fjórðungi. Kb. I. 385: „En þau eru full goporð oc forn er þing vóro .III. í fjórþungi hverjum en gopar iii. í þingi hverju, þá vóro þing óslitin”. Nú er í Gísla sögu Súrssonar talað um tvö þing í Dýrafirði, fyrst Valseyjarþing, sem er inni í Dýrafjarðarbotni að norð-anverðu, og svo Þingeyrarþing, sem er að sunnanverðu út með Dýrafirði, eins og kunnugt er. Nú hefir Dýrafjarðarþing eða Þingeyrarþing hlotið að vera lagt niðr sem héraðsþing, eins og hér að framan. er sýnt, þar sem hin þingin verða þrjú í fjórðunginum; enn Dýrafjarðarþing hefir samt sem áður getað verið haft sem samkomustaðr, þótt það væri eigi beinlínis héraðsþing. Reyndar segir Sturlunga saga, Oxford 1878, VI. þ., 16. k. 1. b. bl. 18₁₄, að menn hafi sótt mál að lögum á Dýrafjarðarþingi, enn Rafn á Eyri og þeir Vestfirðingar áttu hér hlut að máli, og þarf þá eigi að vera óeðlilegt, að þeir hafi notað Dýrafjarðarþing, þar sem það var rétt hjá, enn langt til Þorskafjarðarþings, ef hér á annars ekki í Sturlunga sögu að standa *Þorskafjarðarþing* í staðinn fyrir *Dýrafjarðarþing*; enn hvernig sem þetta kann að vera, verðr að halda sér til þess, sem Grág. segir um héraðsþingin eða tölu þeirra, og svo mikið er víst, að Þorskafjarðarþing var hið löggilta héraðs-þing fyrir Vestfirði yfir höfuð, Af öllu þessu, sem sagt er hér að framan, verðr alt eðlilegt um báða þessa þingstaði þannig, að Kjalarnesþing hafi síðar verið fært af Leiðvelli suðr í Þingnes. Kjalnesinga saga segir reyndar, að á þingstaðnum *suðr við sjóinn* sjáist fyrir búðunum; getr vel verið, að þar hafi einhver merki sézt, þegar sagan um þetta var fyrst færð í letr, enn hafi síðan horfið. Hafi hið fyrsta Kjalarnesþing

verið á Leiðvelli, sem nú er nefndr, sem hlýtr að hafa verið, því að hvergi er annars staðar hentugri staðr á Kjalarnesi sunnanverðu, suðr við sjóinn, þá bendir nafnið Leiðvöllr á, að þar hafi verið héraðsþing, því að Grág. segir Kb. 61. k., I 111₃₀: „oc scal þar leið þeirra vera, sem þingstöð þeirra er”. Hefði þessi staðr eigi verið hentugr fyrir þingstað, þá var hann ekki hentugri fyrir leið.

Það væri mikil nauðsyn á að rannsaka þenna þingstað í Þingnesi við Elliðavatn nákvæmlega, því að eg þykist viss um, að Kjalarnesþing hafi þar einhvern tíma háð verið, því að upp við Kollafjörð eða á Leiðvelli hefir Kjalarnesþing eigi getað verið háð allan þjóðveldistímam fram yfir miðja 13. öld; til þess var staðrinn of óhentugr, enda sjást þar engin merki til nokkurs slíks.

Eg áleit það mjög nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um þessa tvo þingstaði og reyna til að gjöra ljósa grein fyrir, hvernig á þeim stæði og hvar Kjalarnesþing hið forna hefði verið háð, því að eg hefi heyrt mjög deildar meiningar manna um þetta efni.

Dr. Konrad Maurer, prófessor í München, hefir látið í ljós skoðun sína um þingstað Kjalarnesinga, í bréfi til Mr. Smiths; telr hann víst, að Kjalarnesþing hafi fyrst verið sett á Kjalarnesi nl. Leiðvelli; hann sýnist og vilja halda því föstu, að þingið hafi jafnan verið háð þar. Eins og eg hefi sýnt hér að framan, er eg alveg á sama máli sem Maurer um hinn upprunalega þingstað, enn það er til þess kemr, að þingið hafi aldrei verið flutt þaðan, þá vil eg, eins og áður er sýnt, fara þar nokkurn milliveg og láta verulega, rannsókn á mannvirkjunum í Þingnesi ráða úrslitum þessa máls; enn mig furðar stórlega á því, að Smith skuli hafa að vettugi bæði orð Ara fróða og annarra fómra rithöfunda og þar að auki álit Maurers, enn byggja á ástæðum, sem auðsjáanlega eru teknar úr lausu lofti, því að hann lætr þá ætlun sína í ljós í bók sinni, að þingið hafi aldrei verið á Kjalarnesi; það sjá þó allir, að Kjalarnesþing gat þingið með engu móti verið kallað, nema það hefði upprunalega verið sett á *sjálfu Kjalarnesi*. Því verður að halda föstu. Að öðru leyti hefir Mr. Smith sýnt áhuga á þessu máli og honum er að þakka, að til er prentað kort af staðnum nl. Þingnesi.”¹⁶

4.4.2 Rannsókn í Kjalarnesþingi 1889. Við Elliðavatn (Krossnesþing)

Í *Árbók hins Íslenska fornleifafélags* árið 1893 birtist önnur grein eftir Sigurð um rannsókn hans á Þingnesi frá árinu 1889. Sigurður var afar glöggur og er lýsing hans á tóftunum mjög góð. Han er ekki alveg sáttur við uppdrátt Sigurðar Guðmundssonar og fram kemur m.a. að honum blöskrar uppgraftaraðferð Jónasar. Hann sér ekki neina hringlaga tóft og telur að grjótdreifin sé náttúruleg. Hann er hins vegar sannfærður um

að þetta sé forn þingstaður frá Þjóðveldistímanum.

„Þennan forna þingstað rannsakaði eg nákvæmlega, og voru með mér þeir bræðrnir kand. jur. Páll Briem, sem nú er sýslumaður Rangæinga, og kand. polit. Sigurður Briem¹⁷).

Allar búðirnar standa í þyrpingu, sunnantil í nesinu þar sem það byrjar fram að ganga við fagra vík umhverfis grasivaxinn hvamm. Syðsta búðin (1) snýr í austrlandsuðr og útvestr. Hún er fornleg mjög og veggir útflattir, enn þó sést fyrir steinahleðslu alt í kring. Veggir eru komnir í flög, enn grasivaxin laut er eftir tóftinni hið innra. Lengd búðarinnar er 31-32 fet enn breidd 19 fet (utanmál). Dyr óglöggvar, enn sýnast hafa verið út úr hinum syðra hliðvegg nær eystra gafhláði. Fyrir norðan þessa búð, sýnist hafa verið búð (2), styttri enn hin og nær skemmra upp; sýnist sami hliðveggr hafa verið undir báðum. Eystra gafhláðið er nokkurnveginn glögt, enn þó mjög útflatt, enn fyrir báðum hliðveggjunum, einkanlega hinum nyrðra, sést nokkurn veginn. Lengd búðarinnar, að því er mælt verður, kynni að hafa verið 28 fet eða meir, enn vestri endinn er mjög óglöggr, því að búðin er svo niðrsokkin. Breidd sýnist um 18 fet, enn um það verður ekki sagt fyrir víst, enda eins líklegt, að örmjött sund hafi verið milli tóftanna. Austr af þessari búð, svo sem 2 faðma, hefir verið búð (2). Hún er nærri eins óglögg. Eystra gafhláðið er þó glögt, og hliðveggirnir nokkurn veginn, enn vestra gafhláð er alt útflatt. Búðin kynni að hafa verið um 28 fet á lengd, enn breidd er 22 fet. Þess skal getið, að í syðra hliðvegg búðarinnar sjást 6-7 hleðslusteinar úr ytri hleðslunni. Hið innra er búðin lægri og grasi vaxin; þessi búð snýr eins og hinar. Svo sem 1½ faðm norðr undan þessari búð eru 3 búðir í röð (4, 5 og 6). Sami hliðveggr á milli og snúa eins; þær eru nokkurnveginn greinilegar. Syðsta búðin (4) hefir verið 28 fet á lengd, að því er mælt verður, enn syðri endinn er þó mjög útflattr, enn þar sést fyrir hleðslusteinum. Breidd mæld af miðjum hliðvegg næstu búðar að norðan og á ytri hleðslubrún 16 fet. Dyr sjást eigi glöggvar, enn þær hafa annaðhvort verið út úr vestra gafhláði eða hinum vestra hliðvegg nær vestra gafhláðinu. Næsta búðin (5) að norðan er greinileg. Þar sjást grjóthleðslur í báðum gafhlöðum og eins úr nyrðri hliðvegg. Lengd 29 fet, breidd um 15 fet. Dyr hafa verið út úr vestra gafhláði. Nyrzta búðin (6) virðist eigi fult eins greinileg, einkanlega að vestan-útnorðan. Lengd mun hafa verið fram undir 28 fet; breidd óglögg, því að norðrveggrinn er jafnaður við jörðu; þó hefir breiddin víst verið 16 fet. Dyr óglöggvar, enn munu hafa verið úr vestra gafhláði. 3½ faðm vestr og niðr undan

¹⁶ Sigurður Vigfússon 1880: 65-68.

¹⁷ Þingstaðr þessi hefir verið rannsakaðr áðr, fyrst af Jónasi Hallgrímssyni, skáldinu (1841), og svo af Skotlendingnum R. Angus Smith (1872) og Sigurði málara Guðmundssyni. Um þessar rannsóknir er til rit eftir R. A. Smith, sem heitir: „On some ruins at Ellida Vatn and Kjalarnes in Iceland“, Edinb. 1874 (með uppdráttum).

Þessum 3 búðum er búð (7), nokkurnveginn greinileg, snýr eins og hinar í austr og vestr. Grjót einkanlega í hinum syðra hliðvegg, og sýnast þar hafa verið dyr við hið vestra gafhlhað, enn þó getr verið, að þær hafi verið út úr gafhlhaðinu miðju. Lengd 33-34 fet og breidd nær 20 fet. Fyrir neðan þessa búð hafa verið 2 búðir, hvor upp af annari (8 og 9), og eitt gafhlhað í milli beggja. Lengd nær 23 fet, breidd nær 14 fet. Dyr verða eigi ákveðnar, hafa líklega verið á nyrðra hliðvegg. Vestri búðin hefir verið 26 fet og breidd 17-18 fet. Dyr á nyrðra hliðvegg við vestra gafhlhað. Allar þessar búðir eru líkar að útliti. Við suðausthornið á búðinni nr. 7 er enn búð (10), mjög fornleg og niðrsokkin, og hefir verið mjótt sund á milli; hana er ilt að mæla; þó hygg eg lengd hennar hafa verið 26 fet, og breidd 17 fet; dyr óglöggvar, enn sýnast hafa verið út úr syðra hliðvegg skamt frá hinu eystra gafhlhaði. Rúma 7 faðma norðr, frá búðinni nr. 9 er búð (11), ákaflega stór og breið, hin stærsta af öllum áðrefndum búðum.

Veggir digrir, og sést grjót í þeim alt í kring, og víða stórir steinar. Búðin er ein af hinum glöggustu sem hér eru. Þetta er sú búð, sem Jónas Hallgrímsson gróf í. Hann gróf í vestri enda búðarinnar, og hefir það verið víð og djúp gröf. Hefir hann rífið tóftarendann upp, heljarbjörg, og liggja þau þar í hrúgum utantil við mitt vestr-gafhlhað búðarinnar, eins og urð, og fæ eg eigi skilið í hverju skyni slíkr gröftr hefir verið gerðr. Að veggur hafi gengið yfir þvera búðina, eins og stendr á uppdrætti Sigurðar Guðmundssonar, fæ eg eigi séð. Að ofanverðu sést heldr eigi móta fyrir neinum hliðvegg. Tvær grafir sýnast og hafa verið grafnar við efra gafhlhað, sín í hvoru horni. Lengd búðar þessarar er 52 fet og breidd 29 fet. Dyr sýnast hvergi hafa verið á hliðveggjunum, enn einungis út úr vestra gafhlhaði. Búðin snýr í vestr-útnorðr. Þessi búð hefir víst verið búð Kjalnesingagoðans. Á milli búðanna 8 og 9 og þessarar búðar (11) er svæðið, þar sem Jónas Hallgrímsson og Sigurðr Guðmundsson setja dómhring. Enn það getr ekki staðizt, enda hygg eg að steinar þeir sem þar standa sé svo settir af náttúrunni, og mjög er þetta ólíkt þeim dómhring, sem eg hefí rannsakað í Hegranesþingi. Þar á móti virðist hér hafa verið búð (12), sem er svo ákaflega fornleg og útflött, að naumast er hægt að sjá hana. Lengd og breidd verðr ekki ákveðin með vissu, enn virðist vera um 42 fet; breidd verðr að vísu eigi ákveðin, enn ætla má að hún hafi verið um 24 fet, því sé nákvæmlega athugað, held eg að sjá megi fyrir hleðslusteinum á öðru horni hins syðra hliðveggjar. Beint upp undan búðinni nr. 11, svo sem 6-7 fet, þar á háum hólí, eða barði, er búð (13) mjög stór. Hún er 48 fet á lengd og 24 fet á breidd, og snýr í útnorðr og landsuðr; dyr munu hafa verið á hinum syðra hliðvegg við útnorðr-gafhlhað. Þessi búð liggur hæst af öllum búðum á þingstaðnum, og er þar að auki hin efsta, sem eg get fundið. Austnorðr undan þessari búð, svo sem 16 - 20 faðma, er hár hóll með vörðu. Þrjá faðma

Í útnorðr frá stóru búðinni nr. 11 er búð (14), sem snýr nærri norðr og suðr og öðruvísi enn aðrar búðir hér, lengd 35 fet, og breidd mun hafa verið 17 fet. Dyr held eg hafi verið á eystra hliðvegg, helzt nær hinu nyrðra gafhlæði. Norðr af þessari búð á dálitlum hól mótar fyrir einhverri byggingu; ef það er búð, hefir hún verið lítil, og hin nyrzta á þingstaðnum. Langt frá þeirri búðapyrpingu, er nú hefir verið lýst, í útvestr frá hvamminum, eru þrjár búðir, sem allar snúa nær því í austr og vestr. Syðsta búðin (10) er einstök; lengd 34 fet og breidd 21 fet; dyr verða eigi fyrir víst ákveðnar, Rúmum 3 föðmum norðr af þessari búð eru tvær búðir stórar með einum millivegg; syðri búðin (16) er 39 fet á lengd, enn 22 fet á breidd; nyrðri búðin (17) 42 fet á lengd, enn 22 fet á breidd. Eigi verðr sagt hvar dyr hafa verið, enn helzt munu þær hafa verið á eystri gafhlöðunum (undan brekkunni). Þessar búðir eru hinar vestustu á þingstaðnum. Alls hefi eg þá fundið hér 17-18 búðir, og þarf eg eigi að taka það fram, að þingstaðr þessi er í mesta lagi fornlegr, og þegar hann er borinn saman við aðra þingstaði, sem eg hefi rannsakað, er það ljóst, að hann er frá þjóðveldistímanum.”¹⁸

4.5 Þorvaldur Thoroddsen

Í kaflanum *Rannsóknir á Reykjanesskaga að austan og sunnan* nefnir náttúrufræðingurinn Þorvaldur Thoroddsen búðatóftirnar í Þingnesi. Hann blandar sér ekki í umræðuna um hlutverk staðarins og vísar í því efni til greina annarra fræðimanna, en segist hafa aðstoðað Sigurð Guðmundsson við að mæla upp staðinn 1873.

Þetta er mikilvæg vitneskja því að vísindalegur bakgrunnur Þorvaldar ætti að vera allgóð trygging fyrir því að uppmælingin sé eins nákvæm og hægt var að gera á þeim tíma. Enda virðast flestar rústirnar sem þeir mældu upp, vera sýnilegar enn í dag.¹⁹


4.6 Brynjúlfur Jónsson

Brynjúlfur Jónsson kannaði Þingnes árið 1902 fyrir fornleifafélagið og skrifaði um hann greinargerð í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* árið 1903 og birti með henni lauslegan uppdrátt sem hafði gert af svæðinu sumarið áður. Hann fann 17 tóftir og lýsir þeim samviskusamlega í skýrslunni. Hann sér aðeins móta fyrir hálfum hring á svæðinu. Hann fellst á tilgátu Sigurðar Vigfússonar um að Kjalarnesþingstaður hafi verið fluttur en aðyllist þá skýringu að vegna tengsla Ingólfs Arnarsonar við höfðingja í Borgarfirði hafi þingið fyrst verið staðsett á Kjalarnesi, en þegar fjórðungsþing voru upp tekin og Vestfirðingafjórðungur náði til Hvalfjarðar, hafi verið eðlilegt að flytja þingstaðinn að

¹⁸ Sigurður Vigfússon 1893:24-27.

¹⁹ Þorvaldur Thoroddsen 1913:119 – 120.

Þingnesi, nær höfðingjum á Suðurnesjum. Frásögn hans er svohljóðandi:



Uppdráttur Brynjúlfs Jónssonar frá 1903 af Þingnesi. Hann sýnir 15 rústir sem snúa allar inn að miðju svæðisins, þar sem er hálfhringlaga mannvirki.

„Þingness-þingstaður við Elliðavatn, var hið fyrsta, sem ég skoðaði, og gjörði ég uppdrátt af honum, því Árbók fornleifafélagsins hefur engan áður. Þar að lútandi skal ég geta þess, að búdatóftirnar eru suðvestantil í nesinu. Gengur þar mjótt sund eða djúp lág frá suðvestri til norðausturs milli tveggja smáhæða. eru 3 búdatóftirsuðaustan í vesturhæðinni, en eigi færri en 14 norðvestan í hinni eystri. Flestar eru þær óglöggar orðnar. Mældi ég að eins eina, þá er mér virtist einna glöggust og einna stærst; var hún nálega 8 faðmar (stignir) á lengd og vel 5 fðm. á breidd út á veggjabrúnir. Margar af hinum virtust mér þar á við, en sumar þó styttri. Í tveim stöðum eru 2 samhliða, aðrar að austan, hinar að vestan við lágina. Og í 2 stöðum eru 3 samhliða, hvorutveggi að austan, aðrar ofar, hinar nær láginni. Gaflinum í þeim hafði dálítið verið raskað, eigi alls fyrir löngu, því þar hafði verið lögð undirstaða undir hústóft, líklega fjárhúskofa, og þá auðvitað nokkuð grafið til um leið. En til allrar hamingju hafði verið hætt við það aftur og skemmdirnar því eigi orðið mjög miklar. Niðurundan þessum tóftum er garðbrot, sem liggur í hálfhring og gat ég ekki séð fyrir endunum. Það var eins og þeir hyrfi í brekkuna. Má vera að það hafi verið hringur, en nú sé efri hluti hans horfinn í

jarðveginum. Um það fullyrði ég ekkert. Ein af búðunum virtist mér að hefði haft afhús við neðri endann, en ekki gat ég staðhæft það, þar eð enginn maður var til graftar. Allar hinar virðast snúa dyrum að láginni.²⁰

Þessa þingstaðar er hvergi getið í sögum vorum. En Sigurður Vigfússon hefur ritað um hann (í Árbók fornleifafélagsins 1880-81, bls. 65-68 neðanm. og 1893 bls. 24-27.), og komist að þeirri niðurstöðu, að héraðsþingið, sem Þorsteinn Ingólfsson setti á Kjalarnesi, muni síðar hafa verið flutt þaðan og sett í Þingnesi við Elliðavatn. Þykir honum, sem eðlilegt er, ótækt að rengja samhljóða vitnisburði merkra sagna, einkum Íslendingabókar, um það, að í fyrstu hafi héraðsþingið verið sett á Kjalarnesi. Telur hann víst að þingstaðurinn hafi verið þar, sem enn heitir Leiðvölur, og er það líklegt. Hyggur hann, að það hafi valdið flutningunum, að Leiðvöllur hafi orðið óhæfilegur til þingstaðar. Og víst er um það, að þar hefuir sjórinn gengið á landið, svo að nú sjást þar engar fornmenjar. En Kjalnesingasaga segir, að enn sjái þar til búða, er hún var rituð, sem víst var þó seint. Og þó sú saga sé að miklu leyti afkvæmi þjóðtrúarinnar, þá hefði söguritararinn samt traudla sett *þetta* atriði í hana, ef hann hefði ekkert haft fyrir sér. Liggur því nær að ætla, að þingstaðurinn á Leiðvelli hafi ekki eyðilagst mjög snemma. Þar af leiðir það, að þó fallist sé á ætlan S.V. um flutning þingstaðarins, þá er þörf á að athuga, hvirt eigi má finna aðra orsök flutningsins.

Það er nú raunar ekki óhjákvæmilegt, að hugsa sér, að þingstaðurinn hafi verið fluttur, og það þarf ekki að rengja sögurnar fyrir það. Þær tala að eins um setningu Kjalarnessþings *sem héraðsþings*. Það var *hið fyrsta héraðsþing*, fyrsta tilraun til að koma á sameiginlegu þinghaldi fyrir fleiri en eitt goðorð. Áður hefir hver goði haldið þing í sínu umdæmi. Þeirra þinga er ekki getið í sögum. En bæði segir þetta sig sjálf, og svo sýna það ýmsir fornir þingstaðir, sem ekki geta vel haft annan uppruna (t.d. Þingholts-þingstaður í Landsveit o. fl.). Þingstaðurinn í Þingnesi við Elliðavatn gæti vel verið frá þeim tíma. Má nærri geta, að Ingólfur og þeir feðgar hafa svo árum skipti átt þingfundi með þingmönnum sínum, áður en reynslan hafði sýnt, að yfirgrípsmeiri og öflugra þinghald var nauðsynlegt, til að ráða stórmálum til lykta. Af þeirri nauðsyn var Kjalarnesþing auðvitað sett, og gat hitt þá lagzt niður. Tóftirnar mundu sjást enn, þó þær væru svo gamlar. Á hinn bóginn eru þær þó nokkuð margar til þess, að þingið hefði aðeins verið fyrir eitt goðorð. Enda felli ég mig vel við tilgátu S.V. um flutninginn, og vil nú reyna að benda á annað tilefni til hans.

Eins og von var, kannaðist S.V. við það, að á Kjalarnesi var þingstaður óhentuglega


²⁰ Brynjúlfur Jónsson 1903:31-33.

settur, þótt hann hefði verið fyrr allt það hérað, sem landnám Ingólfs náði yfir. Það er ólíku erfiðara að sækja þangað af Suðurnesjum og úr Grindavík en úr Kjósinni. Viðist S.V. eigna þetta áhrifum höfðingjanna á Kjalarnesi. En ekki er það þó sem líklegast. Hitt þykir mér líklegra, að meðal »höfðingja þeir, es at því hurfo«, að setja þing á Kjalarnesi, hafi einnig verið höfðingar í Borgarfirði. Þá var enn eigi lögákveðin fjórðingaskipun sú, er síðar varð, og hafa menn talið Sunnlendingafjórðung að ná til Hvítár í Borgarfirði. Sést það af því, að Landnáma telur Tungu-Odd með höfðingjum á Suðurlandi. Nauðsynin á öflugu þingi hefir einnig orðið þeim ljós, og þeir því gripið fegins hendi tækifærið, að sameina sig til þingsins á Kjalarnesi. Þó skal engan veginn fullyrt, að *allir* borgfirzkir höfðingar hafi gengið í þenna félagsskap. Það er hvorttveggja til. Þeir gátu haft mismunandi hvatir til þess. Skal ég leyfa mér að geta þess, að séra Eiríkur Briem hefir bent mér á það, að Varmalækjarmenn muni hafa verið tengdamenn þeirra feðga Ingólfs og Þorsteins. Þeir bræður, synir Óleifs hjalta, áttu Laugarnes og Engey suður (Njála, k. 13.) en þær jarðir voru sem partuar af ábylisjörð Ingólfs sjálri, og er alls óskiljanlegt, hversu þær hefðu, í lifanda lífi Þorsteins sonar hans, komist í eign utanhéraðsmanna, *nema að erfðum*. Það getur varla verið vafi á því, að Ófeigur hjalti hefir verið kvæntur dóttur Ingólfs, svo að þeir Þórarinn Ragabróðir og bræður hans, hafa þá verið systursynir Þorsteins. Má þá nærri geta, að þeir hafi sagt sig í Kjalarnesþing. Og þó aldrei hafi aðrir Borgfirðingar verið sem gjörðu það, - sem líklega hafa þó verið fleiri, þá var það nóg ástæða til að setja þingstaðinn inn á Kjalarnesi. Þar hefir hann svo verið þangað til fjórðungsdómar voru settir og takmörk landsfjórðunganna ákveðin með lögum. En þá var Vestfirðingafjórðungur látinn ná til Hvalfjarðar, og Borgfirðingar þeir sem sótt höfðu Kjalarnesþing, hurfu þá að sjálfsögðu til Þverárþings. Þá var ekki lengur ástæða til, að halda þingið á Kjalarnesi, Suðurnesjamönnum og fleirum til óþarfa örðugleika. Þá var þingstaðurinn bezt settur í Þingnei, og hefur þá verið fluttur þangað. Þetta sýnist allt liggja í augum uppi. Og tilgáta S.V. að flutningur þingstaðarins hafi átt sér stað nálægt þeim tíma sem fjórðungsdómar voru settir, fær nýja staðfesting af þessum líkum.”

4.7 Daniel Bruun

Í *Árbók hins Íslenska fornleifafélags* árið 1898 kemur fram að Daniel Bruun kemur að Þingnesi í september 1897 og lýsir þeim stuttlega. Hann endurbætir uppdrátt Sigurðar Guðmundssonar aðeins og nefnir einnig búðir hjá Norðlingaholti. Í greininni segir hann: „þó skoðaði ég skömmu síðar fornar búðatóftir í Þingnesi eða Krossnesi við Elliðavatn sunnanvert, en norðan við vatnið sýndi Benedikt sýslumaður Sveinsson mér nokkurar

búðatóftir undir barði einu, er nefnist Norðlendingaholt. Virðist bæði nafnið á holtinu, búðirnar og munnmælin, benda til þess að hér hafi verið haldið þing, er norðlendingar hafi sótt, líklega áður en alþingi var sett á Þingvelli við Öxará.²¹



Oversigtsplan.


Tingsted ved Ellidavatn paa Þinganes.

Bodtomterne.

(R. Angus Smith & D. B.)

Endurbættur uppdráttur Daniels Bruuns af minjasvæðinu í Þingnesi byggir að hluta á korti Angusas Smihts. Þarna sést að garður virðist hafa verið út í Þingneshólma. Munnlegar heimildir herma að þar hafi hestar verið geymdir.

²¹ Daniel Bruun 1898:46, 54.



Uppdráttur Daniels Bruuns af miðju minjasvæðis á Þingnesi. Rústin sem Jónas gróf í er til vinstri. Uppgraftarsvæði hans er neðri hluti rústarinnar. Hringlaga grjótdreifur er fyrir miðju og óregluleg grjótdreif innan hans. Jónas gróf einnig á þessu svæði. Þyrping minni rústa er til hægri.

5 Rannsóknir Þjóðminjasafns Íslands 1981 - 1986

Eftir alllangt hlé hófust rannsóknir að nýju í Þingnesi á vegum Þjóðminjasafns Íslands árið 1981 og stóðu í sex sumur fram til 1986. Markmið rannsóknanna var fyrst og fremst að reyna að fá úr því skorið hversu gamlar rústirnar væru, og hvort hægt væri að skera úr um hvort þar hefði verið þingstaður, með aðferðum sem ekki stóðu til boða á 19. öld. Svæðið var skráð og kortlagt með alstöð, undir stjórn Dr. Pauls Buckland og mannvirkjum sem fundust gefið hlaupandi númer. Teiknað var nýtt yfirlitskort af staðnum sem byggðist á þessum mælingum (sjá forsíðumynd). Á yfirborði sáust leifar 15 – 20 mannvirkja og fleiri komu í ljós við rannsókn. Grafið var í tvær húsa- eða búðarústir og hringlaga tóft á milli þeirra. Umfang uppgraftarsvæðis var um 450 m².

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir rannsókn hvers sumars fyrir sig, en síðan teknar saman upplýsingar um hverja rúst sem rannsökuð var.



Innrauð loftmynd af Þingnesi tekin fyrir rannsókn 1981. Horft til suðausturs. Aðeins rúst 13 er greinileg, en ef vel er að gáð sést móta fyrir mörgum öðrum minjum. Ljós. GÓ.

5.1 Rannsókn 1981

Segja má að rannsókn Þjóðminjasafns á Þingnesi hafi hafist fyrir nokkra tilviljun. Aðdraganda þeirra má rekja til þess að á árunum 1972 – 1980 fór Guðmundur Ólafsson í nokkrar könnunarferðir á ýmsa minjastaði í nágrenni Reykjavíkur með Birni Þorsteinssyni prófessor. M.a. var flogið yfir þessa staði og þeir myndaðir úr lofti með venjulegum svatrhvítum og litfilmum og innrauðri litfilmu. Minjar á Þingnesi, og Esjubergi voru tveir af þeim stöðum sem skoðaðir voru, og áhugaverður þóttu til rannsóknar.

Í tilefni af kristniboðsári árið 1981 hafði Þjóðminjasafnið ákveðið að rannsaka svonefnda „Kirkjurúst Örlygs” á Esjubergi, sem samkvæmt fornritum var talin fyrsta kirkja sem reist var á Íslandi. Hófst sú rannsókn í lok júní. Fljótlega kom í ljós að ætluð kirkjurúst var sennilega útihús frá 16. – eða 17. öld. Einnig varð ljóst að aurskriða hafði fallið úr gilinu fyrir ofan bæinn og hulið allar hugsanlegar fornleifar á svæðinu og að frekari rannsókn eða leit á staðnum yrði tilgangslítill.



Minjasvæðið fyrir rannsókn árið 1981. Horft til suðausturs. Rúst 13, sem byrjað var að grafa í, er ofarlega til vinstri. Ljósmynd GÓ.

Í kjölfarið var ákveðið að færa rannsóknarsvæðið að Þingnesi og kanna minjarnar sem þar eru, með tilliti til hlutverks og aldurs. Hófst rannsókn þar þann 31. júlí og stóð til 26. ágúst. Guðmundur Ólafsson safnvörður stjórnaði rannsókninni. Honum til aðstoðar voru fornleifafræðinemarnir Þorvaldur Friðriksson og Barði Valdimarsson.

Grafið var í stærstu rústina á svæðinu (rúst 13 á uppdrætti), sem er sama rúst og Jónas Hallgrímsson gróf í á sínum tíma. Rústin var hreinsuð fram og þversnið og langsnið hennar teiknuð. Ekki tókst að ljúka rannsókn á rústinni að fullu en ljóst var að þarna var að minnsta kosti um tvö byggingarskeið að ræða.

Yngra byggingarskeiðið tilheyrir tóftinni sem sást á yfirborði og er um 4 x 10 m að innanmáli. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eftir miðri tóftinni endilangri eru tvær samsíða steinaraðir, sem snúa flötu hliðinni saman. Þetta virðist því hafa verið gangur eftir miðri tóftinni. Þessi tóft hefur hugsanlega lagst af á 12 - 13. öld, en hlutverk hennar er óljóst.

Undir henni voru leifar af eldra mannvirki sem virðist hafa verið hlaðið nær eingöngu úr torfi. Aldur þess er líklega frá um 900.



Horft til norðurs eftir tóft 13 þegar búið var að fjarlægja yfirborðslög og hrun úr veggjum orðið sýnilegt. Ljós. GÓ.

Teiknaðar voru þrjár sniðteikningar í A3 stærð, 7 flatarteikningar í A3, tvær í A2 og ein skissa í A5. Teknar voru margar svart/hvítar ljósmyndir í 6 x 6 og slides myndir í lit. Einnig var flogið sérstaklega yfir svæðið og allmargar loftljósmyndir teknar af minjasvæðinu, bæði svart/hvítar, slides, litmyndir og innrauðar myndir í lit.

Hæðarpunktur við Þingnes var fenginn með því að nota hæðalínur á kort frá Vatnsveitu Reykjavíkur og Skógræktar Reykjavíkur (1:5000). Var gengið út frá því að hæð á Elliðavatni væri 76,30 m yfir sjávarmáli. Strandlínu vatnsins var því gefin hæðin 76,30 m. Fastur hæðarpunktur fyrir rannsóknina var settur á toppinn á stórum steini við ströndina sem mældist vera á 76,87 m yfir sjávarmáli. (N-hnit:492,90/A-hnit:197,30).

Einn fundur var skráður sumarið 1981. Hann fannst í óljósu mannvistarlagi í rúst 13. Það er lítið brot af málmþynnu, og var talið hugsanlegt að þetta væri hluti af silfurpeningi. Eingin auðkenni voru þó sýnileg á brotinu sem staðfest gætu þetta.

5.2 Rannsókn 1982

Rannsókn var haldið áfram frá fyrra ári. Grafið var frá 28. júní með hléum til 13. ágúst. Starfsmenn við rannsóknina voru Guðmundur Ólafsson, Þorvaldur Friðriksson, Barði Valdimarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir.



Hluti af hringlaga grjóthleðslu sem grafin var upp árið 1982. Ljós. GÓ.

Grafið var vestan við tóft nr. 13, sem byrjað var að rannsaka árið 1981, til þess að fá samhengi hennar við umhverfið. Á þessu svæði var talið að verið hefði dómhringur. Hleðslur voru þarna mjög úr skorðum færðar, en þó mátti greina slitróttar leifar af nokkrum mannvirkjum; húsi með bognum veggjum og hellulögn í miðhluta svæðisins. Þar hjá er hringlaga mannvirki úr grjóti og öðru hringlaga mannvirki úr torfi þar innan í.

Byrjað var á nýrri rúst nr 7 og rist ofan af neðri helmingi hennar. Gjallmolar fundust á tveimur til þremur svæðum, m.a. utan við hana og ofan á veggjarhleðslum. Slitru af miðaldalaginu lágu yfir þessum minjum og virðast öll þessi mannvirki því vera eldri en frá 13. öld.

Dr. Paul Buckland, fornvistfræðingur, tók 2 poka með jarðvegssýnum af svæðinu til greiningar. Ekkert lífrænt fannst við þá greiningu. Varðveisluskilyrði reyndust vera of léleg vegna þess hve jarðvegur var þurr.

5.3 Rannsókn 1983

Grafið var á Þingnesi þriðja árið í röð. Rannsókn stóð yfir frá 6. júlí til 22. júlí með nokkrum hléum vegna langvarandi rigninga þetta sumar og annarra verkefna sem komu í veg fyrir eðilega og samfellda rannsókn.

Fornleifafræðingar Þjóðminjasafns, þeir Guðmundur Ólafsson og Þorkell Grímsson unnu við rannsóknina.

Hreinsað var ofan af litlum hluta steinlagnar og henni fylgt eftir þar sem frá var

horfið 1982. Þetta reyndist vera leifar af hringlaga grjótgarði (nr 18), sem fræðimenn 19. aldar höfðu séð og grafið ofan af að einhverju leyti. Innan hans er hellulagt svæði (nr. 21) sem virðist hafa tilheyrt einhverju öðru mannvirki. Garðurinn liggur greinilega undir Kötullaginu K~1500 og er því eldri en frá 15. öld. Rannsókn þessa sumars gaf að öðru leyti ekki tilefni til nánari aldursgreiningar.



Hringlaga mannvirki úr grjóti og grjót-dreif innan þess. Horft til norðvesturs. Rúst 7 lengst til vinstri. Ljós. GÓ.

5.4 Rannsókn 1984

Rannsókn miðaði allvel áfram fjórða sumarið í röð sem grafið var þarna á vegum Þjóðminjasafns frá 18. 6. – 31.8. Við rannsóknina störfuðu fornleifafræðingarnir Guðmundur Ólafsson, Þorkell Grímsson, Kristinn Magnússon og Gunnar Ólafsson jarðfræðingur. Einnig tóku Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðinemi og Lárus Ástvaldsson jarðfræðinemi, þátt í rannsókninni í upphafi sumars.

Allt minjasvæðið og útlínur tóftanna voru mældar upp með alstöð, undir stjórn Dr. Paul Bucklands. Rústirnar voru númeraðar jafnóðum og var lægsta númerið (nr. 1) sett á syðstu og vestustu rústina, sem er niðri við vatnið. Við hæðarmælingu var gengið út frá hæðarpunkti 602 í mælikerfi Reykjavíkurborgar, sem er austan megin við vatnið. Þannig fékkst all nákvæm hæðarmæling á Þingnesi. Mælitækið var staðsett á hnit 490/240, og þar er yfirborðshæð 77,474 m.y.s. Samkvæmt mælingu Pauls er hæð vatnsyfirborðs núna: 76,342 m y.s. Paul hélt mælingum áfram og endurbætti yfirlitsuppráttinn sumarið 1989. Forsíðumyndin byggir á þessum mælingum.

Uppmælingarnar sýndu m.a. að engar minjar hafa horfið vegna hækkunar vatnsyfirborðs Elliðavatns við stíflugerð á þriðja áratug 20. aldar, þó að nesið sjálft hafi minnkað nokkuð að umfangi og að nyrsti hluti þess sé nú orðinn að tveimur litlum hólum.

Sextán til sautján rústir eru sýnilegar á yfirborði. Útlínur tófta nr 5, 6, 8 og 24 eru afar óljósar. Auk þess er hringlaga grjótmannvirki og leifar af fleiri mannvirkjum innan þess. Á Þingnesi virðast því vera leifar af a.m.k. 18 fornum mannvirkjum á svæðinu.

Þegar strandlengjan við norðvestur hluta tangans á Þingnesi var mæld upp, virtist sem þar gætu verið leifar af hlöðnum grjótgardi á um 5 - 10 m löngum kafla við vatnsbakkann. Til þess að ganga úr skugga um hvort um manngerðar eða náttúrulegar minjar sé að ræða þyrfti að grafa snið þar í gegn. Utarlega og efst á tanganum á Þingnesi var lítil hola á yfirborði um 1 x 1 m í þvermál (nr. 17). Óvíst er hvort um mannvirki sé að ræða. Hugsanlega er þetta könnunarhola sem grafin var við fyrri rannsóknir.

Uppgriftarsvæðið er orðið um 450 m² og búið er að hreinsa ofan af af leifunum af miklum hringlaga grjótdreif nr. 18, sem er á miðju rústasvæðinu. Grjóthringur þessi virðist hafa verið um 18 m til 20 m í þvermál, um 14 - 15 m að innanmáli og verið hlaðinn úr grjóti eingöngu. Afstaða gjóskulagsins K~1500 nyrst og neðst í hallanum þar sem það lá alveg ofan á og á milli steinanna í hringnum bendir til þess að hann hafi verið löngu hruninn þegar gjóskan féll. Grafið var í gegn um rúst nr.7 og niður í undirliggjandi mannvirki nr. 25. Þá var grafið ofan af norðvesturhorni rústar 13 og reynt að átta sig á samhengi hennar við rúst 18.



Lofmynd af uppgriftarsvæðinu frá 1984.

Flogið var yfir uppgriftarsvæðið og teknar af því loftmyndir, bæði svart-hvítar myndir, litmyndir og litskyggjur.

5.5 Rannsókn 1985


Unnið var á Þingnesi fimmta árið í röð, frá 19. júní til 19. júlí.

Starfsmenn voru Guðmundur Ólafsson, Kristinn Magnússon og Unnur Dís Skaftadóttir. Markmið rannsóknarinnar var sem fyrr að reyna að kanna aldur og hlutverk rústanna. Að þessu sinni beindist rannsóknin nær eingöngu að lítilli rúst nr. 7 sem lá sunnan undir hinum hringlaga grjóttgarði, og mannvirki 25 sem undir henni var.

Einnig var tekið snið gegn um grjóthleðslu nr. 18, efst í brekkunni og kom þá í ljós að steinarnir lágu þar ofan á Landnámslaginu.

Snið hafa verið teiknuð yfir allar helstu minjar sem rannsakaðar voru á svæðinu og gefa þau mjög góða mynd af afstöðu mannvirkja og mannvistarlaga. Ekki eru tök á að birta þau öll í þessari ritgerð, en snið G – H, sem er þversnið yfir rúst 7, 23 og 25, er tekið sem dæmi um hvað í þeim mátti sjá. Það er sýnt hér í heild, og síðar í hlutum með nánari skýringum undir viðkomandi mannvirkjum.

Lýsing á sniði G - H: 1986:5.



1. Grusrót.
2. Brún fokmold.
3. Brún fokmold.
4. Brún fokmold.
5. Brún fokmold
6. Brún fokmold
7. Svört gjóska. K~1500.
8. Svört gjóska. K~1500.
9. Svört gjóska. K~1500.
10. Svört gjóska. K~1500.
11. Svört gjóska. K~1500.
12. Ljósbrún fokmold, blönduð torfmoldum.
13. Ljósbrún fokmold.
14. Mannvistarlag. Móaska og viðarkolaagnir.
15. Mannvistarlag. Gjall og viðarkolaleifar.
16. Torfusneplar. Hrun úr vegg.
17. Mannvistarlag. Gólfskán (í mannvirki 23?).
18. Mannvistarlag. Móaska. Neðsti hluti gólfskánar.
19. Torfusneplar. Hrun úr vegg.
20. Mannvistarlag. Móaska.
21. Torfhleðsla. Neðsti hlutinn með landnámslagi í torfi.
22. Hleðsla úr torfi og grjóti. Efsti hluti veggjarhleðslu hruninn að hluta.
23. Hleðsla úr torfi og grjóti ofan á eldri torfvegg. Norðausturhlið mannvirkis 7.
24. Torfhleðsla. Landnámslag í torfi. Norðausturhlið mannvirkis 25.
25. Dökkgrá gjóska. Miðaldalag frá 1226.
26. Ljósbrún fokmold. Sama og 13 og 32.
27. Mannvistarlag. Viðarkolaagnir.
28. Torfusneplar. Hrun úr vegg 22.
29. Steinn í hleðslu. Innri veggjarbrún á norðausturhlið mannvirkis 7.
30. Steinn í hleðslu. Ytri veggjarbrún á norðausturhlið mannvirkis 7.
31. Steinn í hleðslu. Innri veggjarbrún á suðvesturhlið mannvirkis 7.
32. Ljós fokmold. Sama og 26 og 13.
33. Torfmoldir í rúst 7. Dökkar torfmoldir í efri hluta lagsins.
34. Mannvistarlag. Viðarkolaagnir og sót.
35. Moldarblandin móaska.
36. Torfmoldir.
37. Torfusneplar.
38. Torfveggur. Landnámslag í torfi.
39. Mannvistarlag í torfi. Viðarkolaagnir.
40. Steinar í hleðslu. Innri veggjarbrún.
41. Moldarblandin móaska.
42. Mannvistarlag. Viðarkolaagnir, mest við suðvesturvegginn. Gólfskán í mannvirki 7.
43. Moldar- og torfblandið mannvistarlag. Þunn móöskulög með fokmold á milli.
44. Mannvistarlag. Viðarkolaagnir. Líklega neðsti hluti

- | | |
|---|---|
| 45. Mannvistarlag. Mold blönduð móösku. | 48. Steinn í hleðslu. E.t.v. set- eða pallbrún? |
| 46. Gólfskán í mannvirki 25. | 49. Holrými. |
| 47. Pinnahola í gólfi. | 50. Ljós og dökk gjóska. Landnámsgjóska frá um 871. |
| | 51. Óhreyfð mold. |

5.6 Rannsókn 1986

Rannsókn var haldið áfram á Þingnesi sjötta sumarið í röð. Unnið var frá 3. - 31. júlí. Starfsmenn: Guðmundur Ólafsson, Kevin P. Smith, Nína Helgadóttir og Ingimar Jóhannesson.



Í efra vinstra horninu eru leifar af rúst 7. Langsnið gegn um tóftina er fyrir miðju. Til hægri er grjótröð sem tilheyrir innri veggjarbrún á mannvirki 25. Ofarlega fyrir miðju eru steinar sem tilheyra efra gólfi í rúst 25. Horft til suðausturs. Ljós. GÓ.

Grafið var undir rúst 7 þar sem rannsókn á eldri rúst, nr. 25, hélt áfram. Í ljós kom að önnur langhlið hússins hefur verið sveigð, eins og algengt er á skálum víkingaaldar. Tvöföld steinaröð í veggjum og á gólfi bendir til þess að breytingar hafi verið gerðar á húsinu á meðan það var í notkun. Gólfskánin reyndist vera þétt og viðarkolablönduð og allt að 5 cm þykk. Hellulögn var bætt ofan á gólfið í miðju húsi á síðari hluta notkunarskeils hússins.



Yfirlitsmynd af rúst 25, tekin úr ljósmyndaturni. Hluti af hellulögn er komin í ljós fyrir miðju á efra gólfi á rúst 25 og hverfur undir sniðbálk. Steinaraðir neðarlega á myndinni sýna innri veggjarbrún á rúst 25. Hún endar í neðra vinstra horninu þar sem virðist hafa verið inngangur eða forstofa að byggingunni. Steinarnir efst á myndinni tilheyra rúst 7 og hringlaga grjóthleðslu 18.

Ljósmyndaturn Þjóðminjasafns var notaður þarna í fyrsta sinn við fornleifarannsókn á Íslandi til þess að taka loftmyndir úr 8 - 10 m hæð.

5.7 Umræða í kjölfar rannsókna Þjóðminjasafns

Ekki var gengið frá rannsóknarskýrslu um þessar rannsóknir Þjóðminjasafnsins, en niðurstöðurnar voru kynntar á nokkrum ráðstefnum og birtar á prenti. Helstu niðurstöður Guðmundar voru þær að staðurinn hefði verið í notkun frá um 900 fram á 13. öld. Örnefni, aldur, og rústaþyrping sem svipi til annarra meintra þingstaða bendi til þess að um þingstað sé að ræða, og að þá sé varla um annað þing að ræða en Kjalarnesþing. Ekki væri þó hægt að slá því föstu²²

²² Guðmundur Ólafsson 1984:44-45, 1987:348-349, 1988:289.

Adolf Friðriksson gagnrýndi þessa niðurstöðu í fyrirlestrum og greinum og taldi hana falla undir svonefnda tjóðurkenningu, sem fælist í því að rannsókin væri tjóðruð við hinn sögulega bakgrunn. Var niðurstaða hans sú að ekkert benti til þess að staðurinn væri þingstaður og að hann gæti allt eins verið lendingarstaður fyrir geimskip, enda væri ekki vitað hvernig þingstaðir hefðu litið út.²³

6 Rannsókn Þjóðminjasafns og HÍ 2003

Vegna umfangsmikilla neyðarrannsókna á Bessastöðum sem hófust óvænt í mars 1987 og annarra verkefna varð ekki meira úr rannsóknum á Þingnesi og lágu þær niðri um sinn. Haustið 2002 var tekin upp kennsla í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Dr. Orri Vésteinsson var ráðinn lektor í fornleifafræði við Heimspekideild. Eitt af námskeiðunum var aðferðafræði (05.63.04-030) sem Ragnar Edvardsson kenndi á vorönn 2003. Hluti af því námskeiði var fólgið í verklegri kennslu við fornleifauppgröft.

Orri Vésteinsson lagði til við Guðmund Ólafsson, sem stjórnað hafði rannsókn Þjóðminjasafnsins á árunum 1981 - 1986, að þingnes yrði notað til þess að kenna nemendum uppgraftartækni. Margt virtist mæla með staðnum sem nemendarannsókn. M.a. nálegð við Reykjavík og auðvelt aðgengi, áhugaverður minjastaður og fjöldi sýnilegra rústa. Með þessu móti er líka hægt að þoka rannsókn á staðnum áfram, þar til unnt verður að hefja stóra rannsókn á staðnum sem er nauðsynleg.

Að vettvangsnámskeiðinu stóðu Háskóli Íslands sem lagði til vinnu Orra Vésteinssonar lektors; Þjóðminjasafn Íslands, sem lagði til vinnu Guðmundar Ólafssonar, uppgraftartjald, bifreið, ýmsan búnað og forvörslu forngripa, og Fornleifastofnun Íslands, sem lagði til bifreiðar, uppgraftarbúnað og sérfræðigreiningar á kostnað verkefnisins “Þingvellir og þinghald til forna” sem styrkt er af Kristnihátíðarsjóði.

Samkomulag varð um að Guðmundur Ólafsson tæki að sér umsjón rannsóknarinnar og skrifaði um hana skýrslu.

Sótt var um rannsóknarleyfi til Fornleifaverndar ríkisins 6. maí og var leyfið veitt þann 19. maí. Rannsóknin stóð yfir dagana 19. – 24. maí. Kennarar og leiðbeinendur voru Orri Vésteinsson, Guðmundur Ólafsson, Ragnar Edvardsson og Howell Roberts. Garðar Guðmundsson sigtaði sýni sem tekin voru úr mannvistarlögum í rúst 12. Nemendur voru um 20 talsins. Þeim var skipt í 4 hópa sem fengu kennslu í ýmsum grunnaðferðum við fornleifarannsóknir, m.a. að leggja út hnitakerfi með því að nota

²³ Adolf Friðriksson 1993: Fyrirlestur í Félagi ísl. fræða, 1995:369-372.

venjuleg mælitæki og málbönd, notkun alstöðvar, fornleifauppgröft í fleti eftir jarðlögum og í könnunarskurði þar sem jarðlög voru rannsökuð í sniði.

Grafið var í rúst 9 og rúst 12. Yfir báðum rústunum fannst gjóskulagið K~1500. Rúst 12 er reyndist vera reist skömmu eftir að Landnámslagið féll. Í henni eru óljós mannvistarlög og ekki greinileg gólfskán.

Rannsóknin var skráð í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp og hefur þar rannsóknarnúmerið 2004-26. Við rannsóknina voru teiknaðar 19 flatarteikningar og 2 sniðteikningar. Teknar voru tvær filmur, samtals 75 myndir (2004-26-1 og 2004-26-2).


7 Einstakar minjar

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum á einstökum mannvirkjum sem fundust við rannsókn á árunum 1981 – 1986 og 2003. Minjarnar eru teknar fyrir eftir númeraröð. Þegar þetta er skrifað er úrvinnsla gagna ekki lokið og ekki hefur enn verið gengið frá hreinteikningum. Í þessari ritgerð verður því að vísa til númera á yfirlitskortu; sniðteikninga sem hafa verið hreinteiknaðar og nota ljósmyndir af svæðinu til þess að reyna að skýra ýmis atriði sem hér er fjallað um. Minjarnar sem um ræðir eru nr. 7, nr. 9, nr. 12, nr. 13, nr. 18 – 23 og nr. 25.

7.1 Mannvirki 7 – Búið?



Horft til norðvesturs yfir rúst 7, eftir að búið var að hreinsa ofan af henni. Grjót úr veggjahleðslum hefur hrunið inn í tóftina. Þversnið og langsnið mynda kross yfir tóftina. Ljós. GÓ.



Hluti af sniði G – H. Þversnið af mannvirki 7. Blár litur táknar upphaflega vegg og mannvistarlög rústar 7. Brúnn litur táknar síðasta notkunarskeið rústar 7. Græni liturinn táknar mannvistarlög tengd mannvirki 25. Tveir metrar eru milli krossa. Teikn. G.Ó.

Mannvirki 7 er lítil tóft við suðvesturhluta grjóthringins. Gaflar hennar snúa í norðvestur-suðaustur. Norðausturhlið hennar fellur að mestu saman við grjóthringinn, en virðist vera yngri en hann. Hún var greinileg á yfirborði áður en rannsókn hófst. Hún er um 5 m löng og um 3 m breið að innanmáli. Veggir eru um 1,2 m þykkir. Ytri og innri veggjabrúnir eru hlaðnar úr torfi og grjóti og á milli er fylling úr mold og torfi. Ekki mótaði fyrir neinum inngangi fyrir rannsókn og hann fannst ekki heldur við rannsóknina.

Þegar þversnið af tóftinni er skoðað virðist sem að greina megi tvö byggingarskeið í þessari tóft. Upphaflega hefur hún verið reist ofan á mannvirki 25. Á sniðteikningunni G – H hefur þetta fyrsta byggingarskeið rústar 7 verið auðkennt með bláum lit. Bætt hefur verið ofan á norðausturvegg rústar 25 (lag 23), en suðvesturhliðin er hlaðin aðeins innan við suðvesturvegg tóftar 25 (lög 48 og 36). Allgreinileg gólfskán virðist tilheyra þessu byggingarskeiði (lag 42). Hún er allt að 6 cm þykk og í henni eru viðarkolaagnir, einkum við suðvesturvegg. Þó er erfitt að fullyrða hvort þetta sé elsta gólfíð í rústinni. Líklega tilheyrir lag 43 einnig rúst 7, fremur en rúst 25. Lag 43 er orðið til úr mörgum þunnum mannvistar- og foklögum, og gæti verið vísbending um stutta árstíðabundna dvöl á staðnum. Lag 41 er svipað þessu, en í því eru þunnu rákirnar ekki eins greinilegar. Þannig gæti lag 42 aðeins verið dæmi um gólfskán sem myndaðist við eitt skipti, þegar eldað var í tóftinni.

Yngra byggingarskeið tóftar 7 er táknað með appelsínugulum lit. Þá virðist aftur hafa veið bætt ofan á norðausturvegginn (lag 22) og hleðsla suðvesturveggjar endurnýjuð og færð aðeins utar (lög 331-33). Þunn gólfskán tilheyrir þessu byggingarstigi (lag 27).

Mannvistarlög 27, og 41-43 eru samtals um 40 cm þykk. Ef þau tilheyra öll notkunartíma mannvirkis 7, þá virðist það hafa verið í notkun um alllangt skeið. Erfitt er þó að segja til um hversu lengi hún hefur verið í notkun, því að á þessum tíma virðist uppblástur hafa verið mikill á hæðunum í kring um Þingnessvæðið, sem gerir það að verkum að jarðvegsþykknun við vatnið getur hafa verið óvenju mikil. Í sniðinu sést að yfir yngsta mannvistarlaginu (lag 27) hefur myndast allt að 10 cm þykkt foklag áður en Miðaldalagið leggst yfir svæðið. Einnig sést að hluti veggja þessa mannvirkis hafa hrunið inn í tóftina áður en Miðaldalagið féll. Hún virðist því hafa verið komin úr notkun alllöngu fyrir 1226. Líklega er hægt að afmarka notkunartíma hennar innan tímabilsins frá um 1000 – 1200.



Langnsnið yfir tóft 7/25. Neðst er gólfskán mannvirkis 25. Yfir henni eru fjölmörg örþunn mannvistar- og foklög. Yfir steinum á miðri mynd sést svört gjóska Kötlu ~1500 og litlu neðar þunn dökk rák sem sýnir Miðaldalagið rétt yfir yngsta mannvistarlaginu.

7.2 Mannvirki 9 – Búð?

Rúst 9 er efst á hól að baki sumarbústaðar. Þetta er syðsta sýnilega rústin. á svæðinu. Hún var allgreinileg á yfirborði, um 12 m löng og 6 – 7 m að breidd. Hún liggur nánast í norður suður og virtist vera tvískipt. Inngangur virðist vera á norðurgafli. Nyrðra herbergið er um 7 m langt og 2,5 – 3 m að innanmáli. Syðra herbergið er næstum þríhyrningslaga á yfirborði en hefur líklega verið um 2,5 m breitt og 2 m langt. Á milli herbergja virðist vera hlaðinn um 50 cm breiður skilveggur úr grjóti. Yfirlitsteikning af rústinni í mælikvarða 1:50 er nr.: 1984-386-13.



Horft til suðurs yfir rannsóknarsvæði í rúst 9 sumarið 2003. Ljósmynd. GÓ.

Við rannsóknina 2003 var opnað um 4 x 7 m stórt svæði í SA-hluta rústarinnar og byrjað að hreinsa ofan af því, undir stjórn Ragnars Edvardssonar. Undir grasrótinni var komið niður á leifar af hrundum vegg. Efsta lag hans var hreinsað fram og mælt inn í fleti. Veggurinn er um 1 m breiður og virðist vera hlaðin úr torfi með steinhleðslum við innri og ytri veggjarbrún. Steinarnir í hleðslunni eru flestir um 30 – 50 cm í þvermál. Þeir stærstu eru í innri veggjarbrún og 45x85 cm að stærð. Innan í rústinni var mikil grjótdreif sem virðist hafa hrunið úr innri veggjarbrún. Ytri veggjarbrún virðist hafa fallið út.

Yfir hleðslunni var fokmold og mátti greina í henni gjóskulagið K-1500. Landnámsgjóska var í torfi. Af þessu má draga þá ályktun að rústin sé frá svipuðum tíma og aðrar rústir sem rannsakaðar hafa verið á svæðinu, eða frá fyrrri hluta miðalda. Af teikningum er ekki enn hægt að sjá hve langt undir miðaldalaginu rústin er, og því ekki hægt að aldursgreina hana nánar að sinni.

Engir fundir komu í ljós við rannsóknina. Tekin voru nokkur sýni, til að kanna hvort hægt væri að finna plöntu- eða skordýraleifar og sigtaði Garðar Guðmundsson þau, án þess að nokkuð fyndist. Jarðvegurinn virðist vera of þurr til þess að neitt leifrænt hafi varðveist.

Teikningar af rústinni eru nr.: 2003-26-10 til 2003-26-16.

7.3 Mannvirki 12 -Tóft

Rúst 12 er neðarlega í hallanum niður að vatninu um 6 m austan við rúst 13. Hún er um 12 m löng og um 6 m breið og snýr í A – V. Rústin var allgreinileg á yfirborði og var mæld inn árið 1984 í mælikvarða 1:50. Af yfirborði virtist hún vera um 1,5 x 5,3 m að innanmáli. Við rannsóknina 2003 var tekið 6,7 m að langt og 75 cm breitt þversnið í gegn um rústina. Það var í raun útvíkkun á litlum sniðskurði sem byrjað var á sumarið 1986, en sem var ekki kláraður og ekki teiknaður upp. Þverskurðurinn 2003 var teiknaður upp bæði í fleti og í sniði og kom þá í ljós að rústin er 2,4 m breið að innanmáli. Veggirnir hafa verið hlaðnir úr torfi og grjóti og eru 1,3 m breiðir.


Neðst í veggjunum við innri og ytri veggjabrún er einföld röð steina. Þar ofan á eru torf og grjót til skiptis og á milli hefur fyllt upp með mold. Þrjár raðir steina voru hver upp af annarri, þar sem mest var. Efsti hluti veggjanna hafði hrunið til beggja hliða og lá ýmist innan í rústinni eða fyrir utan hana.

Innan í rústinni mátti greina óljóst mannvistarlag. Það var að sjá sem fjölmargar örþunnar brúnar, ljósbrúnar og dökkbrúnar rákir. Lagið er um 10 cm þykkt. Litabreytingar eru samt mjög litlar og reyndist mjög erfitt að greina lagið frá öðrum jarðlögum.

Af sniðinu að dæma virðist rústin hafa verið hlaðin upphaflega skömmu eftir að Landnámslagið féll á svæðið.




Nemendur í fornleifafræði við rannsókn á rúst 12 sumarið 2003. Ljós. GÓ.



Þversnið af sniði 12. (Teikningar ÞNG2003:26:8-9). Hreinteikning GÓ).

Lýsing á þversniði tóftar í tóft 12:

1. Grasrót, núverandi yfirborð.
2. Brún fokmold.
3. Katla~1500.
4. Fokmold og torfusneplar.
5. Grjót, hrunið úr vegg.
6. Grjót, hrunið úr vegg.
7. Brún fokmold og torfusneplar.
8. Ytri veggjarbrún
9. Innri veggjarbrún.
10. Veggur. Strengjatorf.
11. Viðarkolalag.
12. Mannvistarlag? Lagskipt brún, ljósbrún og dökkbrún mold. Þunnar rákir.
13. Óhreyfð mold.
14. Landnámsgjóska á sínum stað.
15. Óhreyfð mold.
16. Neðsti hluti norðurveggjar.
17. Óhreyfð mold. Sama og lag 13.
18. Landnámsgjóska.
19. Óhreyfð mold.
20. MannvistarlagGólfskán. Þunnar rákir, brúnar, dökkbrúnar og ljósbrúnar. Einstaka blettur með Landnámsgjósku.
21. Landnámsgjóska. Blettur.
22. Óhreyfð mold
23. Rauðbrúnn sandur. E.t.v. forsöguleg gjóska?
24. Óhreyfð mold.
25. Grjóthleðsla. Innri veggjarbrún.
26. Veggur. Mest mold, einstaka torfur
27. Fokmold. Sama og lag 2.
28. Katla ~1500.
29. Fokmold. Sama og lag 2.
30. Katla ~1500.
31. Brún fokmold.
32. Landnámsgjóska.
33. Óhreyfð mold.
34. Ljós gul mold. E.t.v. forsöguleg (Heklu-) gjóska.
35. Dökkbrún mold.
36. Rauðbrúnn sandur. E.t.v. forsöguleg gjóska.
37. Brún mold. Fokmold og torfusneplar.
38. Fokmold.
39. Óhreyfð mold.



Þversnið yfir rúst 12. Greining á jarð- og mannvistarlægum samkvæmt Harris Matrix töflu. Tölurnar vísa til númera á sniðteikningu. Mannvistarlæg eru sýnd sporöskjulaga og hleðslur eru í ferhyrnum kössum. Tímaás, lengst til hægri, sýnir helstu vörður sem hægt er að greina í sniðinu frá landnámi og gefur til kynna að rústin var líklega hlaðin í upphafi 10. aldar og hafi verið a.m.k. um 50 ár í notkun. Unnið í Arched. (GÓ).

7.4 Mannvirki 13 – Búð?



Horft til norðvesturs yfir tóft 13. Tvær steinaraðir liggja eftir miðri tóft. Öll mannvistarlög höfðu verið fjarlægð í neðsta hluti tóftarinnar við fyrri rannsókn Jónasar Hallgrímssonar og fleiri. Inngangur var á miðjum norðvesturgafli. Í þversniði sáust leifar af eldra mannvirki á staðnum sem ekki hefur verið rannsakað.

Tóft 13 var fyrsta mannvirkið sem rannsakað var árið 1981. Tóftin er um 4 x 10,5 m að innanmáli. Innri og ytri veggjabrúnir eru hlaðnar úr torfi og grjóti með moldar og torf fyllingu á milli. Veggjaþykkt er um 1,5 m. Tóftin er ein stærsta rústin á svæðinu og greinileg á yfirborði fyrir rannsókn. Veggir stóðu enn í allt að 80 cm hæð. Þetta er einnig sú tóft sem fyrri fræðimenn grófu í og var neðsti hluti hennar skemmdur vegna fyrri rannsókna. Eining fannst könnurnarhola við efri gafl tóftarinnar eftir fyrri rannsókaradila. Grafið var niður á mannvistarlög innan í tóftinni og út fyrir vegg hennar. Þversnið og langsnið voru tekin gegn um tóftina og teiknuð.

Eftir endilangri rústinni miðri eru tvær steinaraðir þar sem flata hlið beggja steinraða snýr inn að miðju. Á milli steinraðanna er um 50 cm breitt bil. og þar virðist hafa verið gangur. Meðfram veggjum báðum megin við ganginn virðast hafi verið breið set. Engar stoðarholur fundust inn í tóftinni. Mannvistarlög voru mjög ógreinileg og sáust aðeins sem smávægilegar litabreytingar í sniðum.



Horft yfir suðausturhorn mannvirkis 13. Frá miðhleðslunni gengur steinaröð út að vegg og út í lítið útskot út úrhorni tóftarinnar.

Í suðausturhorni rústarinnar er steinhleðsla frá miðhleðslu og út að austurvegg. Þar í horninu er einnig lítið útskot út úr veggnum til austurs. Ekki var hægt að sjá að þar væri inngangur. Þetta virðist því vera einhvers konar kró eða afhýsi út frá húsinu.

Í þversniði sáust leifar af eldri mann mannvistarleifum, hugsanlega af eldra mannvirki frá 10. - 11. öld, sem virðist hafa verið jafnað út þegar yngri rústin var reist. Ekki var unnt að gera sér nánari grein fyrir þessum undirliggjandi minjum og voru þær ekki rannsakaðar frekar.

Yfir tóftinni voru leifar af Miðaldalaginu og K~ 1500. Virðist tóftin hafa verið löngu yfirgefin og hrunin áður en Miðaldalagið féll. Af því má draga þá ályktun að hún hafi verið í notkun á tímabilinu 11. - 12. öld.

Afstaða tóftarinnar við grjóthringinn nr 18 var könnuð sérstaklega. Hringurinn liggur upp að henni að vestanverðu og norðvestur horn tóftarinnar virðist hafa verið byggt yfir hleðslu hringins. Ef það er rétt er tóft 13 aðeins yngri en hringlaga mannvirkid.

7.5 Mannvirki 18 – Hringlaga garður úr grjóti



Loftmynd sem sýnir uppgriftarsvæðið. Hringlaga mannvirki úr grjóti (18) er fyrir miðju. Leifar af hringlaga torfhleðslu(19) sjást innan þess. Rúst 13 er til vinstri. Rúst 7 er til hægri. Myndin er tekin áður en mannvirki 25 kom í ljós.


Hreinsað var ofan af hringlaga grjótdreif á miðju minjasvæðinu. Í ljós kom að það eru leifar af hruninni grjóthleðslu. Steinarnir eru flestir um 20 - 40 cm stórir. Að innanmáli er þessi hringur um 18 m og sjálf grjóthleðslan virðist hafa verið um 1 m þykk. Ekki var hægt að sjá að inngangur væri inn í þetta hringlaga mannvirki. Um tíma var talinn vafi á að um mannvirki gæti verið að ræða vegna þess hve dreifðir steinarnir voru, og talið hugsanlegt að grjótdreifin væri náttúruleg á staðnum. Úr því fékkst hins vegar skorið þegar snið var tekið gegnum grjótdreifina efst í brekkunni. Þar lá Landnámslagið óhreyft undir steinunum og dálítið út fyrir grjótdreifina beggja vegna. Þetta sýndi að steinarnir voru fluttir á svæðið eftir 870. Yfir Landnámslaginu er mannvistarlag. Það er mislitt og hreyft. Sums staðar er það lagskipt og gráleitt eins og gólfskán undir hleðslunni, rétt yfir landnámslaginu. Ekki virðist það ná lengra út frá hleðslunni. Katla ~1500 lá víðast yfir steinunum eða á milli þeirra. Það bendir til þess að hleðslan hafi verið hrunin til grunna þegar Kötluvíðskan féll. Miðaldalagið sást ekki í sniðum yfir mannvirki 18.

7.6 Mannvirki 19 – Hringlaga garður úr torfi

Innan grjóthringisins nr. 18 var önnur hleðsla sem virðist einnig vera hringlaga. Hún var afar brotakennd, Hluti hennar hafði verið fjarlægður að miklu leyti af fyrri rannsóknum, en þrátt fyrir það mátti greina hvar hún hafði verið. Hún var um 8 m í þvermál og hlaðin eingöngu úr strengjatorfi. Í sniði sem tekið var gegn um hana var hún um 1 m breið og um 30 cm há. Í torfi er mjög greinileg Landnámsgjóska sem er um 1 – 2 cm þykk, og virðist torfið vera rist mjög skömmu eftir að gjóskulagið féll. Afstaða jarðlaga umhverfis hleðsluna bendir til þess að hún sé eldri en grjóthringurinn. Hugsanlega er hún samtíma mannvirki 25 og gæti einnig verið samtíma mannvirki 23 og e.t.v. tengst því með einhverjum hætti.



Uppgriftarsvæðið úr lofti.



Samsætt vinnuteikning af hringlaga mannvirki 18. Innan þess sést hluti af hringlaga torfhleðslu 19 ofarlega fyrir miðju. Fyrir miðju eru leifar af hellulögn 21, veggjabrotum 20, 22 og 23. Neðst til hægri sést hluti af rúst 13.

7.7 Mannvirki 20 – Inngangur



Hellulagður inngangur virðist vera það eina sem eftir er af mannvirki 20. Ljósmynd. GÓ.

Mannvirki 20 er afar óljóst. Dálítil grjótdreif bendir til þess hvar bogadregnar útlínur þess hafi verið. Veggirinn virðast annars hafa verið að mestu leyti úr torfi. Erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir stærð þessa mannvirkis. Það virðist þó getað hafa verið 4 x 8 m að innanmáli. Það fellur að hluta saman við hringlaga mannvirki 19, en hefur ekki sömu stefnu og það. Greinilegasti hluti þessa mannvirkis eru leifar af um 80 cm breiðum hellulögðum inngangi á norðurhlið, nálægt suðurgafli. Bogadregnir útlínur veggja og staðsetning inngangs minnar á skála, en ekki fannst neitt eldstæði á þessu svæði sem hægt var að tengja við mannvirkið og stutt gæti slíka tilgátu. Ætla má að þetta séu leifar af eldri mannvirki sem raskað hefur verið þegar ný mannvirki voru gerð. Öll mannvistarlög innan grjóthringins eru afar óljós.

7.8 Mannvirki 21 - Ferhyrnd hellulögn

Innan hringsins nr. 19, eru leifar af ferhyrndri hellulögn. Hún er allsködduð af fyrri rannsóknum, en af þeim hluta sem eftir stendur má ætla að hún hafi verið um 3,5 x 5 m að flatarmáli. Steinarnir í hellulögninni eru fremur stórir allt að 30 – 50 cm að stærð. Vegna fyrri rannsókna var ekki hægt að tengja þessa hellulögn við aðrar mannvistarleifar. Engar leifar fundust af veggjum umhverfis hellunnar, ekki heldur stoðarolur eða inngangur sem hægt var að tengja við þær og mannvistarlög þarna voru

afar óljós. Ekki var unnt að skera úr um hvort þetta hafi verið opið svæði eða hvort þarna hafi verið hús með veggjum og þaki.




Steinarnir fyrir miðju og hellurnar ofarlega á miðri mynd eru hluti af mannvirki 21. Veggjarbrot 22 er ofarlega til vinstri

7.9 Mannvirki 22 - Veggjarbrot

Mannvirki þetta er afar óljóst. Aðeins er varðveitt brot af hleðslu sem fellur að nokkru saman við mannvirki nr. 18 og 20 en hefur ekki alveg sömu stefnu. Um er að ræða hluta af tveimur steinaröðum sem myndað hafa innri og ytri veggjarbrún hleðslu sem virðist hafa verið hluti af mannvirki sem var að mestu eytt þegar mannvirki 18 eða 20 var byggt. Þessi hleðsla hefur verið um 1,4 m breið og af henni er varðveittur um 1 – 3 m langur kafli.

Allar þessar mannvistarleifar sem fundist hafa innan grjóthringisins benda til þess að þar hafi staðið nokkur mannvirki sem hafi þurft að víkja fyrir yngri bygginum. Allt svæðið er því afar brotkennt og hafa rannsóknir sem þarna voru gerðar á 19. öld einnig valdið því að erfitt er að fá nægilega gott samhengi milli einstakra mannvirkja.

7.10 Mannvirki 23 – Sniðja?



Hluti af sniði G – H. Þversnið gegn um mannvirki 23. Græni liturinn táknar veggi og mannvistarlæg sem tegngjast því. Guli liturinn táknar mannvistarlag sem tilheyrir elsta hluta mannvirkis 23, eða er aðeins eldra en það. Rúst 7/25 er til lengst til hægri. Teikn. G.Ó.

Þetta mannvirki hefur ekki verið rannsakað ennþá, og kemur aðeins fyrir í sniði G-H norðaustan við rúst 7. Í sniðinu virðist það vera um 3 m breitt og hafa veggi sem hlaðnir eru úr torfi eingöngu (lag 21). Suðurhlið þessa mannvirkis virðist vera sameiginleg og samtíma norðurhlið mannvirkis 25 (lag 24 til hægri). Í þessu mannvirki er greinileg gólfskán, allt að 10 cm þykk (lag 17). Í henni eru móösku, og viðarkolaleifar. Við norðurhliðina er mikið af gjalli á um 1 m breiðu svæði í sniðinu (lag 15). Gjallið virðist tilheyra gólfskáninni. Yfir gólfskáninni og gjalllaginu er ógreinilegt mannvistarlag, sem er blandað móösku og viðarkolaögnum. Það er þykkast við suðvesturvegginn þar sem það er um 10 cm þykkt (lag 14).

Gjalleifarnar benda til þess að þarna hafi verið smiðja líklega einhver járnvinnsla um tíma sem tilheyrði upphaflega bænum á staðnum en að notkun hennar hafi verið hætt og að þetta mannvirki ekki verið í samfelldri notkun síðan.


Um 10 cm yfir yngsta mannvistarlaginu eru slitrur af Kötlu ~1500 í fokmoldarlagi, en ekki varð vart við Miðaldalagið þarna. Afstaða jarð- og mannvistarlaga bendir einna helst til þess að þetta mannvirki sé frá sama tíma og mannvirki 25, eða frá því um 900 - 1000.

7.11 Mannvirki 25 – Bæjarhús?



Myndin sýnir hluta af mannvirki 25. Fyrir miðju gólfi er steinalögn á gólfi. Til vinstri er innri veggjarbrún sem er sveigð að hætti víkingaaldar skála. Ofarlega til vinstri sést hellulagður inngangur eða forskáli.

Fyrir rannsókn lét rúst 7 ekki mikið yfir sér og virtist harla einföld að allri gerð. Annað kom hins vegar á daginn eftir að rannsókn hófst á henni sumarið 1984. Undir henni reyndust vera mannvistarlög sem tilheyrðu eldra mannvirki. Frá yfirborði er um 1 m niður að gólfí rústarinnar. Þetta mannvirki fékk númerið 25 og virðist upphaflega hafa verið hús sem hlaðið var úr torfi. Eftir því sem rannsókn miðaði áfram kom í ljós að fleira en eitt byggingarskeið tilheyrðu þessu mannvirki og að hugsanlega er um um að ræða fleiri en eitt mannvirki. Svæðið er ekki fullrannsakað og frekari aðgreining á mannvirkjum þarna verður að bíða þangað til.



Hluti af sniði G – H. Þversnið yfir rúst 7/25. Græna lagið sýnir vegg og gólf í rúst 25. Blár litur sýnir yngra byggingarskeið þess mannvirkis. Ljósbrúni liturinn sýnir vegg og gólf í rúst 7.

Til þess að átta sig á samhengi byggingarskeiða er best að skoða hluta af sniði G-H sem tekið var þvert yfir rústirnar, og reyna að túlka það.

Neðst í sniðinu sést að landnámslagið (50) er rétt undir elstu mannvistarlögum. Elsta mannvirkið er hefur torfveggi (24 og 38). Rist hefur verið innan út tóftinni þegar húsið var reist og er gólfíð um 20 cm dýpra en yfirborðið sem veggirnir eru hlaðnir á. Gólfskánin (46) er um 5 – 10 cm þykk, greinileg og grá að lit, blönduð viðarkolum og brenndum beinum. Þetta er fyrsta eiginlega gólfskánin sem fundist hefur á Þingnesi. Niður úr henni gengur pinahola (47) og fundust nokkrar fleiri slíkar holur í gólfinu, en engin stærri stoðarhola. Mannvirki þetta er af annarri gerð en aðrar rústir sem sjást eða sem fundist hafa á svæðinu. Ýmislegt bendir til þess að þarna geti verið um íveruhús að ræða. Greinileg gólfskán sem var bæði hörð og greinileg eins og í venjulegum bústað bendir til þess að í húsinu hafi verið búið að staðaldri en ekki árstíðabundið.

Yfir gólfskáninni er mannvistarlæg (43 - 45) sem eru misþykkar móöskublandnar gólfskánir, en ekki eins þéttar í sér og neðsta lagið, en sjást aðeins sem þunnar rákir. Svo virðist sem þá hafi farið fram viðgerðir og endurbætur á húsinu og norðurveggurinn endurhlaðinn (23). Húsið virðist hafa verið breikkað og ný suðurhlið (40) hlaðin með innri veggjarbrún úr grjóti og torfi. Gólfskánin sem tilheyrir þessu bygginarskeiði er líklega lag (42).

Yfir þessu lagi er blandað mannvistarlag, fokmodir og torfusneplar (41). Þarna er varla lengur um fasta búsetu að ræða.

Rúst 7 er nú hlaðin í hluta tóftar 25 (22 og 32-33). Innri og ytri veggjarbrúnir (25 og 31) eru hlaðnar úr torfi og grjóti. Gólfskán (27) er ógreinileg, en inniheldur einstaka viðarkolaagnir. Yfir gólfskáninni eru fokmoldir og torfmoldir (26) og hrun úr veggjum. Þar yfir er miðaldalagið (25) og nokkru ofar í fokmoldum er Katla~1500 (11).

Mannvirki 25 virðist í upphafi hafa verið um 3 m breitt, eða svipað að breidd og mannvirki 7. Veggirnir voru hlaðnir úr torfi. Hugsanlega hefur það verið breikkað en allmiklu lengra. Flatar gólfhellur eru í miðjum suðurhluta þess. Þær eru um 10 cm ofar en neðsta gólfið, sem fer undir þær og tilheyrir því ekki elsta gólfinu. Við suðvesturhlið liggur hleðsla þvert á langhliðina og virðist hún vera hluti af inngang í húsið (sjá ljósmynd).

Inngangur hússins og hluti gólfsins er flóraður og allt ber einkenni þess að þarna hafi verið búið um nokkurt skeið og að á þeim tíma hafi húsið gengið í gegn um viðgerðir og endurbætur nokkrum sinnum.

Rannsókn hússins er ekki lokið og gerð þess er því ekki enn ljós. Hugsanlega er þetta eldaskáli, en þó er það ekki alveg víst. T.d. hefur eldstæði ekki enn fundist í húsinu, en gæti verið undir þeim hluta sem órannsakaður er eða undir steinum á efra gólfi. Hhleðslur og umbúnaður við innganginn bendir til þess að sunnan við þetta hús séu hugsanlega fleiri byggingar eða byggingarskeið sem tengjast því og sem enn hefur ekki verið grafið í. Þarna gæti því verið áður óþekktur bær frá 10. - 11. öld.




Leifar af klömbruhleðslu í norðausturhluta veggjarhleðslu í mannvirki 25. Ljósu og dökku rákirnar eru neðri og efri hluti Landnámslagsins í torfi. Ef vel er að gáð sést að Landnámsgjóskan hefur nánast verið í grasrótinni þegar torfið var rist og lagt í vegg. Hleðslan er líklega frá því um 900 og er trúlega elsta klömbruhleðsla sem fundist hefur í vegg á Íslandi.

Í norðaustuhluta hússins kom í ljós útveggurinn var hlaðinn úr klömbruhleðslu. Þetta er athyglisvert byggingarfræðilegt atriði sem sýnir að þessi byggingartækni var þekkt og notuð á 10. öld og hefur því væntanlega borist til landsins með landnámsmönnum. Áður hefur verið talið að þetta sé aðferð sem fundin var upp mun síðar.

Í inngangi eru flatir steinar sem mynda hellulagðan gang út úr húsinu. Til beggja hliða er torfveggur með landnámsgjósku í torfi. Gólfskán er á milli hellnanna og ofan á sumum þeirra. Ofan á hellunum eru margar litlar steinflögur og smásteinar. Stórir steinar afmarka ganginn til hliðanna.

Grjóthleðslan við suðurlanghlið er bogadregin. Hún virðist vera tvöföld en líklega hefur veggurinn einfaldlega hrunið inn í heilu lagi. Í suðvesturhorni tóftarinnar er um 50 – 120 cm breitt viðarkolalag með smágerðu viðarkurli. Þetta lag var allt að 10 cm þykkt og öllu var safnað saman í sýni. Undir laginu var óhreyfð mold. Neðsta gólf hússins var fremur óslétt og virðist vera hæst um miðjuna, en lækkar út til veggjanna. Við austurendann er gólfíð slétt og um 4 – 5 cm þykkt. Efra gólfíð heldur áfram í sömu hæð og neðra gólfíð í austurhluta.



Til vinstri er suðvestur langhlið hússins. Steinaröðin er við innri veggjarbrún. Hún endar við inngang eða forskála ofarlega til vinstri, sem er hellulagður að hluta. Neðarlega fyrir miðju er steinslógn á gólf. Hún er lögð ofan á eldra gólf.

Í miðju hússins er allt að 20 cm þykk uppfylling undir steinum í gólf.

Að innanmáli er elsta rústin 3 - 3,5 m breið. Lengdin er óviss, vegna þess að suðurendinn hefur enn ekki verið grafinn upp. Hún virðist þó varla geta verið minni en 10 metrar. Greinileg gólfskán með viðarkola- og móöskusalla er í elsta lagi hússins. Það bendir til þess að föst búseta hafi verið í þessu húsi, en ekki aðeins tímabundin viðvera, eins og aðrar rannsakaðar búiðr gefa til kynna.

Grjóthleðslan við suðurlanghliðar er bogadregin. Sums staðar virðist hleðslan vera

tvöföld. Svo virðist sem sléttu hliðarnar snúi saman, með 6 – 10 cm bili á milli, eftir því sem best verður séð á neðstu steinaröðunum. Annað hvort hefur timburgrind staðið á milli steinraðanna, eða að önnur steinaröðin er hrun úr veggnum. Síðarnefnda tilgátan virðist sennilegri.

Grjóthleðslan virðst vera yngri en torfveggurinn og hafa verið grafin niður í hann. Hleðslan hefur að hluta hrunið inn og uppfylliefni milli steinanna virðist hafa verið tekið úr gólfagi eða smiðju. Í því er allmikið af viðarkolaögnum, en einnig smávegis af brenndum beinum og litlum gjallflögum og gjallkúlum.

7.12 Aðrar minjar

Allmargar tættur eru enn órannsakaðar á Þingnesi. Um þær er lítið hægt að segja á þessu stigi málsins. Af yfirborðsmælingum er ekki hægt að fullyrða að þær séu allar frá sama tíma og þau mannvirki sem rannsökuð hafa verið. Ljóst er að þær eru af nokkrum mismunandi gerðum. Sumar virðast hafa verið fjárhús (t.d. nr. 9 og 16) eða fjárhús og hlaða (nr. 14 og 15). Hugsanlega hafa beitarhús eða sel verið sett þarna niður eftir að upphaflegri notkun staðarins lauk. Um það fæst ekki niðurstaða fyrr en að þessar minjar hafa verið rannsakaðar með uppgrefti.

8 Munir

Á þeim 7 sumrum sem rannsókn hefur staðið yfir hafa aðeins fundist um 20 gripir. Flestir þeirra fundust í mannvirki 25. Þetta eru yfirleitt algengir hversdagsgripir, sem finnast að jafnaði í bæjartóftum frá söguöld. Einnig má telja að óvenjulegt sé að finna t.d. kvarnarstein eða snældusnúð á meintum þingstað. Athygli vekja tvö málmprot sem gætu verið úr silfri. Efnafræðileg greining hefur ekki verið gerð á þeim. Anton Holt, myntfæðingur, skoðaði F.1 en gat ekki séð neitt mynstur á gripnum sem benti til ákveðinnar myntar. Hér er listi yfir gripi sem fundust:

F. 1. Málmhlutur. Fjórðungur úr þunnri skífu. E.t.v. brot úr silfurpeningi.

F. 10. Hálfhringlaga *málmhlutur* um 3 - 4 mm að lengd. Lausafundur af efra gólfi tóftar 25. E.t.v. er þetta silfurbrot?

F.-11. Lítið *járnprot* af efra gólfi.

F.-12. *Tinnubrot* af neðra gólfi eða rétt yfir því og hvítt *perlubrot*. Það virðist vera úr mjúkri steintegund, kalki eða vikri, en e.t.v. er liturinn og áferðin til komin vegna bruna. Þunn gráleit himna er innan í gatinu og virðist hafa orðið dekkri eftir að hún var grafin upp, eins og fallið hefði á hana.

F.-13. *Jármoli* af efra gólfi.

F. 14a-b tveir *rauðir jaspismolar*. Fundust við hreinsun rétt yfir neðsta gólflaginú í rúst 25.

F.-15. *Grýtubrot*. Fannst við norðurhlið rústar 25, á neðsta gólfi.

F.-17. *Járnteinn*. Fannst í suðvesturhluta rústar 25

F.-18. *Kvarnarsteinsbrot*. Merki á steininum benda til þess að steinninn hafi einnig verið notaður við járngerð, e.t.v. sem túða framan á físelg. Fannst í hellulögnum í suðvesturhluta rústar 25.

F.- 601. *Vaðsteinn* eða *draglóð* af hurð. Fannst í inngangi rústar 25, um 10 - 15 cm yfir hellum á gólfi. Steinninn er með höggnum raufum á hliðum og endum. Fyrsti og eini heillegi gripurinn sem fundist hefur á staðnum. (Fyrsti tölustafurinn „6” í númerinu táknar árið 1986)

F. – 602. *Krosslaga járnstykki* fannst í einu af þunnu lögunum yfir gólfi í tóft 25, nokkrum cm ofan við gólfskánina.

F. – 603 og F. – 604. *Gjallmolar* úr gólflagi í rúst 25.

F. 606. *Snældusnúður*, brotinn í miðju. Lá ofan á viðarkolablandinni gólfskán í rúst 25.

8.1 Aldur minja á Þingnesi

Ekki hafa fundist munir sem hægt er að nota til aldursgreiningar. Varðveisluskilyrði eru afar slæm á staðnum og eru allar lífrænar minjar horfnar. Nánast ekkert hefur fundist af viðarkolum eða beinaleifum sem hægt er að nota til geislakols aldursgreiningar. Til þessa hafa aldursgreiningar því fyrst og fremst byggst á gjóskulögum og þykkt og afstöðu jarðlaga á svæðinu. Með því móti hefur fengist allgóð afstæð aldursgreining sem staðsetur minjarnar til fyrri hluta miðalda, þ.e. á bilinu 900 – 1300.

Þar sem hægt var að sjá skil milli mannvistarlaga og Landnámsgjósku, mældist jarðvegsþykknun yfir Landnámslaginu minnst um 2 – 3 cm, áður en mannvist hefst á staðnum. Ef gert er ráð fyrir um 1 mm meðaltals jarðvegsþykknun á ári bendir hún til þess að aðeins hafi liðið nokkrir áratugir frá því að Landnámslagið féll og þangað til elstu mannvirkin, eins og nr 12, 23, 25 og hringlaga torfveggurinn nr. 19 voru reist.

Þess má geta að jarðvegsþykknun í tóftunum bendir til þess að uppblástur hafi hafist mjög fljótlega eftir að menn settust hér að og má ætla að fokmoldirnar í tóftunum séu að mestu komnar af hæðunum umhverfis Elliðavatn.

8.2 Gjóskulög

Gjóskulagafræðin hefur sem oft áður komið að góðum notum til þess að fá afstæða aldursgreiningu á rústunum og afmarka þær í tíma.

Fundist hafa a.m.k. þrjú gjóskulög á staðnum. *Landnámslagið* svonefnda sem nýjustu rannsóknir úr Grænlandsjökli benda til að hafi fallið um 871 ± 2 ár.²⁴ Lagið er undir öllum mannvistarlögum á svæðinu og elstu mannvistarlögin eru nánast beint ofan á gjóskulaginu án þess að nokkur sýnileg jarðvegsþykknun hafi átt sér stað í millitíðinni. Má því telja öruggt að elsta mannvist á staðnum sé yngri en frá um 870 og jafnframt er nokkuð víst að skömmu eftir að landnámslagið féll, þ.e. í lok 9. aldar eða upphafi 10. aldar, hafi menn byrjað að reisa mannvirki á staðnum.

Á Þingnesi er einnig að finna tvö önnur gjóskulög frá sögulegum tíma. Annað þeirra sem nefnt hefur verið *Miðaldalagið*, er talið hafa fallið í tvennu lagi á árunum 1226 - 1232. Hitt lagið er *Kötlulag* frá um 1495, oft nefnt *Katla* 1500. Þessi tvö gjóskulög voru sýnileg víða í náttúrulegum jarðvegsþykknunarlögum yfir rústunum sem rannsakaðar voru. Það sýnir að mannvirkin hafa verið löngu aflögð þegar þessi gjóskulög féllu.

Miðað við innbyrðis afstöðu mannvistarlaga og jarðvegsþykknunar má telja fullvíst að rústirnar hafi verið komnar í eyði löngu fyrir 1495 og sumar að öllum líkindum

nokkru áður en Miðaldalagið féll. Með hjálp gjóskulagafræðinnar er þannig hægt að afmarka notkunartíma rústanna til tímabilsins um 880 - 1300. Jarðvegsþykknunin sem verður eftir að staðurinn var yfirgefinn og þangað til Miðaldalagið féll, bendir til þess að upphaf hans og blómaskeið hafi líklega verið á fyrri hluta þess tímabils. Afstaða jarðlaga bendir til þes að um 1300 hafi staðurinn verið yfirgefinn svo lengi, að veggjahleðslur voru að mestu hrundar. Ekki hafa fundist neinar minjar á Þingnesi sem benda til þess að staðurinn hafi verið tekinn aftur í notkun að nýju fyrr en á 20. öld.

9 Hlutverk Þingness - umræða

Eins og fram kom í upphafi fékkst á sínum tíma aldrei nein niðurstaða um hvort þarna væri um hið forna Kjalarnesþing að ræða eða ekki. Flestir virtust þó hafa komist á þá skoðun að minjarnar á Þingnesi hljóti að hafa verið leifar af fornum þingstað, og að Kjalarnesþingstaður hafi af einhverjum ástæðum verið fluttur af Kjalarnesi upp að Þingnesi. Rannsóknaraðferðir 19. aldar gátu ekki boðið upp á frekari svör

Rannsókn Þjóðminjasafns Íslands varpaði nokkru nýju ljósi á staðinn og bætti ýmsu við þekkingu okkar á honum. Hún afmarkaði m.a. staðinn í tíma og sýndi að minjarnar voru mun fjölbreyttari og flóknari að gerð en áður var talið. Henni tókst þó ekki frekar en fyrirrennrum sínum að skera úr um hvort um þingstað væri að ræða. Rannsóknir Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns sem hófust að nýju árið 2003 hafa aðeins styrkt þá vissu að minjarnar eru frá fyrri hluta miðalda og hafa verið í árstíðabundinni notkun.

Líklegast má telja að staðurinn hafi fyrst verið tekinn í notkun skömmu fyrir eða um 900. Mannvistarlögin eru flest afar ógreinileg og víða er lagskipting svo þunn að tæplega getur verið um fasta búsetu að ræða. Undantekning frá þessu eru þær rústir sem eru elstar á staðnum. Í fyrsta lagi er það rúst 25 sem fannst undir tóft 7. Rústin er vissulega ekki fullrannsökuð, en gólfskánir í henni bera öll einkenni þess að í henni hafi verið búið allt árið. Flestir munir sem fundist hafa á svæðinu koma einnig úr þessari rúst. Í öðru lagi er mannvirki 23, sem virðist hafa verið smiðja eða járnvinlustaður, sem var við hliðina á rúst 25 og í notkun á sama tíma. Þetta vekur upp fjölmargar nýjar spurningar sem enn er ósvarað.

Er t.d. hugsanlegt að þarna hafi í upphafi verið bær í lok 9. aldar? Ef hér var þingstaður, hvernig stendur á að þessi bær eða þessi staður var valinn til þinghalds? Hefur bænum verið breytt í þingstað eða getur verið að fyrstu þingin hafi upphaflega verið haldin heima á bæjum? Ef svo er hvað veldur því? Hefur þinghaldið e.t.v. færst

²⁴ Karl Grönvold og fl. 1995:150-153.

yfir í búðir eftir að þingmönnum fjölgaði svo að þeir komust ekki fyrir í einu húsi?

Erfiðast er að túlka miðsvæðið. Er hið hringlaga mannvirki lögrétta eða e.t.v. fjárborg? Enn er of snemmt að fullyrða neitt um tilgang þessa mannvirkis. Fremur ólíklegt er þó að um fjárborg sé að ræða, vegna staðsetningar inn í miðju rústasvæðinu. Veggirnir virðast einnig hafa verið of lágir til þess að halda fé og inngangur hefur ekki fundist inn í hringinn.

Gólfíð í miðju hringsins er líka einkennilegt. Ekki reyndist unnt að finna neina veggi eða veggjaleifar sem átt gætu við gólfíð, þrátt fyrir nákvæma athugun. Ekki fundust heldur neinar stoðarholur eða önnur merki þess að þak hefði verið reist yfir gólfíð.

Í þriðja lagi er þarna innri hringur úr torfi (nr 19). Hann er reyndar eldri en gólfíð (nr 20) og eldri en grjóthringurinn og því ekki víst að þeir hafi verið uppistandandi samtímis. Það er þó ekki útilokað. Hugsanlega er um svonefndan dómhring eða lögrétta að ræða, eins og talið er að verið hafi á þingstöðum. Rétt er þó að hafa þann fyrirvara á að ekki er nægilega mikið vitað um hvernig þau mannvirki litu út, því á þessu sviði, eins og svo mörgum skortir allar samanburðarrannsóknir.

Eins og áður var nefnt taldi Adolf Friðriksson að ekkert benti til þess að á Þingnesi hafi verið þingstaður og telur að rökin fyrir því byggist eingöngu á rómantískri fortíðar- og sagnadýrkun og vera jafn sannfærandi og að þarna hafi verið landingarstaður fyrir geimför.²⁵

Þarna er nokkuð djúpt í árina tekið, og greinlega verið að reyna ögra viðteknum skoðunum. Þetta er angi af hreintrúarstefnu sem upp kom meðal nokkurra íslenskra fornleifafræðinga á síðustu áratugum 20. aldar, þar sem notkun ritheimilda var algerlega hafnað. Markmiðið var að undirstrika sjálfstæði fornleifafræðinnar sem fræðigreinar

Að sjálfsögðu ber að taka allar heimildir með eðlilegum fyrirvara. Við túlkun á niðurstöðum við fornleifarannsóknir er sjálfsagt að meta allar tiltækar heimildir, hvort sem þær eru fornleifafræðilegar, náttúrufræðilegar eða ritaðar, án þess að láta einn þátt blinda sig um of. Ekki má heldur útiloka neinar heimildir vegna fyrirfram mótaðra skoðana.

Ef reynt er að meta hlutlaust hver notkun minjanna á Þingnesi hefur verið út frá núverandi þekkingu okkar á staðnum virðist mega lesa út úr mannvistarleifunum að í upphafi hafi staðurinn verið í notkun allt árið. Ein rúst frá þessum tíma virðist hafa verið íveruhús og önnur rúst virðist hafa verið smiðja. Hringlaga torfgarður og e.t.v. fleiri

minjar gæti hafa tengst þessum tíma. Þetta bendir til þess að í upphafi hafi staðið bær á Þingnesi. Þykkt gólfлага í íveruhúsi og breytingar sem gerðar hafa verið á veggjum og gólfi á meðan það var í notkun, bendir til þess að þessi fasta búseta hafi staðið a.m.k. í nokkra áratugi.

Eftir að fastri búsetu lýkur tekur við allllangt tímabil þar sem viðvera á staðnum virðist hafa verið stutt í einu en margendurtekin og árstíðabundin. Skortur á eiginlegri gólfskán í tóftum, þunn og ógreinileg mannvistarlög og þunn foklög á milli mannvistarlaga bendir til eindregið til þess að svo sé.

Tvær skýringar koma einna helst til greina ef reyna á að túlka þessar niðurstöður. Annars vegar sú, að eftir að föst búseta leggst af, þá sé staðurinn notaður sem sel, t.d. frá Elliðavatni. Færa má nokkur rök fyrir því að svo hafi verið. Vegna þess hve slæm varðveisluskilyrði eru á staðnum fyrir lífrænar leifar, er ekki víst að skepnuhald hafi skilið eftir sig mikil spor í jarðvegi. Hringlaga mannvirki geta verið leifar af rétt eða fjárbyrgi. Þá má líka benda á að tóftirnar eru mjög misjafnar að stærð og gerð, og gætu þess vegna verið leifar af ýmis konar útihúsum frá allt að 300 ára tímabili.

Hins vegar má einnig hugsa sér að staðurinn hafi verið gerður að þingstað og að tóftirnar séu leifar af þingbúðum og að hringlaga mannvirkið hafi haft hlutverk sem tengdist laga- og/eða dómskerfi þess tíma. Fyrir því má líka færa nokkur rök. Í fyrsta lagi höfum við örnefnið Þingnes og líka Krossnes á þessum stað. Það bendir til þinghalds á staðnum. Því miður er ekki vitað hversu gamalt það er. Það kemur fyrst fyrir hjá Jónasi Hallgrímssyni, en ólíklegt virðist að hann hafi tekið upp hjá sjálfum sér að skýra nesið Þingnes. Enn hefur ekki fundist eldri heimild um örnefnið.

Þunn mannvistarlög og árstíðabundin viðvera má hins vegar allt eins túlka sem vísbendingu um sel og seljabúskap eins og þingstað. Í seli hefði líka mátt búast við þykkari mannvistarlögum og meiri leifum frá eldamennsku. Staðsetning minjanna við Þingnes bendir ekki til þess að um sé að ræða verbúðir eða verslunarstað.

Í dag er ógerlegt að skera úr um þetta atriði með neinni vissu. Staðurinn er ekki fullrannsakaður og því ekki hægt að koma með endanlega niðurstöður á þessu stigi málsins. Enn fremur vantar allan samanburð við aðra svipaða staði. Rannsóknir á fornum héraðsþingum skortir nánast alveg. Þangað til fleiri rannsóknir hafa verið gerðar á slíkum stöðum og hægt er að bera þá saman, verður fyrst hægt að gera sér einhverja grein fyrr því hvort einhver og þá hvaða atriði einkenna þingstaði og hvort Þingnes uppfyllir þau skilyrði og fellur inn í þá skilgreiningu. Þangað til er rétt að nálgast

²⁵ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinnsson 1992:26-27, Adolf Friðriksson 1995:

viðfangsefnið með opnum hug og útiloka ekki neina möguleika að sinni.

10 Einkenni þingstaða

Þrátt fyrir allmiklar heimildir úr fornsögum um atburði sem gerast á hinum fornu vorþingum, er í raun mjög lítið vitað um sjálfa þingstaðina. Segja má að þekking okkar hafi að lengst af byggst á hugmyndum og könnunum 19. aldar fræðimanna, sem höfðu sögurnar að leiðarljósi og reyndu út frá þeim að staðsetja hina ýmsu þingstaði. Helstu einkenni þingstaða töldu þeir vera þyrpingu rústa sem ekki virtust vera of mörg til að geta talist til útihúsa. Á 19. aldar uppdráttum af vorþingstöðum liggja rústirnar yfirleitt í skipulögum röðum. Í raun er mjög lítið vitað um hvernig þingstaðir litu út eða hvað einkenndi þá. Sú vitneskja fæst ekki fyrr en með fleiri fornleifarannsóknum, en segja má að fornleifafræði fornra þingstaða sé enn nánast á byrjunarstigi. Bent hefur verið á með réttu, að ekki sé alveg ljóst hvernig hægt er að skera úr um það með aðferðum fornleifafræðinnar hvort einhver staður er þingstaður, enda skilji þinghald ekki eftir sig nein auðráðin verksummerki í jarðvegi.²⁶ Í umræðu um þingstaði er því nauðsynlegt að leita til annarra heimilda, og án samanburðarrannsókna er ógerlegt að segja fyrir um með neinni vissu hvað einkennir þingstað og greinir hann frá öðrum minjum. Þetta ástand breytist vonandi til batnaðar á næstu árum. Hafin er skipuleg skráning og uppmæling á ætluðum þingstöðum víða um land á vegum Fornleifastofnunar Íslands undir stjórn Adolfs Friðrikssonar. Hann hefur m.a. reynt að að flokka þingstaði út frá útliti rústa á yfirborði og telur að hugsanlega megi greina mynstur sem bendi til ákveðinnar þróunar á fyrirkomulagi búða.²⁷

Rannsóknin á Þingnesi er mikilvæg í þessu samhengi og mun væntanlega koma að gagni við að varpa ljósi á spurninguna um eðli, einkenni og þróun þingstaða. Höfundur er hins vegar þeirrar skoðunar að ofangreindum spurningum verði ekki svarað fyrr en fram hafa farið rannsóknir á mörgum fleiri þingstöðum svo að einhver haldbær samanburður fái st.

10.1 Búðir

Vitað er að þingmenn reistu sér hús eða skýli á þingstöðum til að dveljast í yfir þingtímann. Þessar byggingar eru að jafnaði nefndar búðir eða þingbúðir. Þingbúðir geta hafa verið með ýmsu móti, en yfirleitt er talið að þær hafi verið hlaðnar úr torfi og grjóti og að tjaldað hafi verið yfir þær með vaðmálsdúk. Hugsanlega hafa sumir látið sér nægja

²⁶ Adolf Friðriksson 1994:369.

að tjalda, án þess að hlaða búðarveggi. Slíkar tjaldbúðir skilja ekki mikið eftir sig og því erfitt að fjalla um þær fornleifafræðilega. Fram kemur í *Grágás* að allir sem sæktu þing skyldu hafa með sér nægilega dúk til að tjalda yfir þingbúð.²⁸ Leifar af þingbúðum hafa jafnan verið taldar vera eitt aðaleinkenni þingstaða. Þar sem fundust leifar húsapýrpinga sem ekki þóttu vera hefðbundin bæjarhús var talið sennilegast að það væru leifar þingstaðar, ekki síst, ef hægt var að finna örnefni sem benti til þinghalds, t.d. leið eða þing, eða ef hægt var að tengja staðinn við frásögn í fornsögum, þá þurfti ekki frekari vitnanna við.

Þeirri hugmynd er hér varpað fram, að elstu þingstaðirnir hafi ekki verið skipulagðir frá upphafi sem þingstaðir, heldur hafi þeir byrjað sem samkomur í heimahúsi og hafi smám saman þróast í þingstað með búðapýrpingum. Frekari rannsókir geta vonandi varpað frekara ljósi á þessa hugmynd, en þess má geta að Adolf Friðriksson er að kanna hvort hægt sé að merkja einhverja þróun á þingstöðum út frá staðsetningu búða á yfirborði. Hann telur að skipta megi þingstöðum í þrjá flokka eftir útliti og þannig aðgreina þá í tíma. Hann hefur lagt til að á 9. - 10. öld hafi búðir verið ólíkar og óskipulegar, á 11. – 12. öld hafi þær verið byggðar í skipulögum röðum, sem bendi til þess að þá hafi verið farnir að skipuleggja þingstaði og á 13. öld hafi þær orðið marghólfa, sem endurspeglar að einhverju leyti valdahlutföll höfðingja.²⁹ Þetta eru afar athyglisverðar hugmyndir og verður fróðlegt að sjá hvernig þær standast þegar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar á fleiri þingstöðum.

Höfundur þessarar greinar er þeirrar skoðunar að varasamt sé að draga of miklar alhliða ályktanir af því sést á yfirborði. Ef tekið er dæmi af Þingnesi, og reynt að setja það inn í ofangreinda formúlu, fer það eftir því hvaða uppdráttur er notaður hvernig staðurinn yrði flokkaður. Á uppdrætti Sigurðar Guðmundssonar eru tóftirnar sýndar í reglulegum röðum og ættu að falla í flokk II. Á korti Brynjúlfs Jónssonar eru tóftirnar sýndar óreglulegar, en sumar eru líka marghólfa og gætu samkvæmt skilgreiningu Adolfs bæði fallið undir flokk I eða flokk III. Ef kort Guðmundar Ólafssonar og Pauls Bucklands er skoðað eru tóftirnar bæði óreglulega staðsettar og misstórar, og ættu því að falla í flokk I.

Á meðan ekki liggja fyrir fleiri samanburðarrannsóknir á þingstöðum verða ofangreindar hugmyndir þó aðeins tilgátur sem hægt er að taka til umræðu. Þær eru mikilvægar í því að reyna að öðlast betri skilining á upphafi og þróun þingstaða hér á

²⁷ Adolf Friðriksson 2003. Fyrirlestur í Norræna húsinu.

²⁸ Grágás 1852:44.

landi og endurspeгла e.t.v. að héraðsþingstaðir breytast í takt við þjóðfélagslegar breytingar á miðöldum.

10.2 Hringlaga mannvirki – Dómhringar?

Annað einkenni þótti mikilvægt á minjastað ef hann átti að geta kallast þingstaður. Það var hringlaga mannvirki, sem gjarnan var nefnt dómhringur eða lögrétta. Hugmyndir manna um að á þingstöðum skuli vera hringlaga mannvirki eru fengnar úr rituðum heimildum. Ein mikilvægasta stofnun Alþingis var Lögrétta. Í Grágás segir að umhverfis lögrétta skuli vera þrjár pallar, svo víðir að á hverjum þeirra megi fjórar tylftir manna sitja rúmt.³⁰

Hlutverk Lögrétta var m.a. að semja og túlka lög. Ekki er vitað hvort héraðsþing höfðu einnig þetta hlutverk. Það er því alls óvíst hvort Lögréttur eða dómhringar voru nauðsynleg á héraðsþingum, en ef svo hefur verið, þá hafa þau væntanlega verið svipuð að gerð og á Alþingi. Á það skal þó bent, að erfitt getur verið að sanna eða afsanna hvort hringlaga mannvirki hafi verið lögrétta, dómhringur, hestarétt eða fjárbyrgi út frá niðurstöðum fornleifarannsóknna.

Á 19. öld lögðu fræðimenn mikið upp úr því að finna hringlaga mannvirki í tengslum við ætlaða þingstaði. Í flestum tilvikum tókst það og var það ýmist talin vera óyggjandi sönnun fyrir því að fundinn væri dómhringur viðkomandi þingstaðar, eða gerði til að geyma í hesta þingmanna.

Nýlegar rannsóknir á dómhringum hafa sýnt að lítið er að marka þessar skilgreiningar og varlegt er að treysta frásögnum um forna dómhringa. Mikil þörf á fleiri rannsóknum á slíkum fyrirbærum á meintum héraðsþingum.³¹

Ef Þingnes er borið saman við aðra þekkta þingstaði virðist sá samanburður vera mjög sláandi. Á yfirborði slíkra staða sést þyrping fleiri eða færri rústa, stundum í skipulögðum röðum, sem eru frábrugðnar venjulegum bæjum eða útihúsum.

Þá vekja hringlaga mannvirkin tvö og staðsetning þeirra á miðju minjasvæðinu á Þingnesi og hellulögnin innan þeirra sértaka athygli. Það fyrsta sem kemur í hugann er að þar hljóti að vera leifar af lögrétta og hringjum umhverfis hana, eins og mælt er fyrir í *Grágás*. Við nánari athugun er þó ýmislegt sem þarfnast nánari athugunar við. Í fyrsta lagi þá virðast hringlaga mannvirkin ekki hafa verið samtíma. Innri hringurinn sem hlaðinn er úr torfi er líklega frá 10. öld og gæti því tengst bænum sem þarna stóð í

²⁹ Adolf Friðriksson 2003. Fyrirlestur í Norræna húsinu.

³⁰ Grágás 1852:211.

upphafi. Grjóthleðslan virðist vera nokkru yngri og er sennilega frá 11. eða 12. öld. Hlutverk þessara hringlaga mannvirkja verður enn að teljast ósannað.

Oft var líka leitað að hentugri þingbrekku á þessum stöðum, en það getur varla talist til sérstakra einkenna þingstaða þar sem erfitt er að finna stað á Íslandi þar sem ekki er einhver brekka í næsta nágrenni.

11 Niðurstöður

Mikið vantar upp á að búið sé að leysa að fullu gátu rústanna á Þingnesi. Ein mikilvægasta niðurstaða rannsóknanna er sú að mögulegt hefur verið að tímasetja rústirnar frá því um 900 - 1200. Ekki hefur verið úr því skorið með fornleifafræðilegum rökum hvort þarna hafi verið þingstaður, þó leiða megi að því nokkrum líkum. Hvort hér hafi verið Kjalarnesþing er því enn ósannað. Þó má benda á að ef fallist er á að þetta sé þingstaður, þá er varla öðrum þingstað til að dreifa en Kjalarnesþingstað. Ef taka á þá frásögn *Landnámu* og *Íslendingabókar* bókstaflega að þingið hafi upphaflega verið haldið á sjálfu Kjalarnesi, hlýtur það að hafa verið flutt mjög snemma upp að Elliðavatni. Ef sú ályktun er rétt, gætu rústirnar í Þingnesi verið leifar elsta þekkta þingstaðar landsins og forvera Alþingis.

Ef þingstaður hefur verið á Þingnesi benda niðurstöður rannsóknanna þar til þess að ákveðin þróun hafi átt sér stað í sambandi við gerð mannvirkja. Elsta rústin virðist hafa verið íveruhús með greinilegri gólfskán sem bendir til þess að þar hafi verið föst búseta. Í gólfinu eru móösku- beina- og viðarkolaagnir sem benda til eldstæðis, þó að í þeim hluta rústarinnar sem búið er að rannsaka hafi eldstæði reyndast ekki fundist. Yngri rústir sem hafa verið rannsakaðar hafa ekki haft slíka gólfskán, heldur aðeins ógreinileg mannvistarlög sem oft eru aðskilin með þunnum fokmoldar lögum. Slíkar mannvistarleifar benda fremur til árstíðabundinnar búsetu en fastrar búsetu. Í þeim er ekkert sem bendir til þess að þar hafi verið eldstæði.

Í rannsóknarskýrslu Sigurðar Vigfússonar frá Þingvöllum árið 1880 bendir lýsing hans á sumum rústaleifum sem hann rannsakar einna helst til þess að þær hafi verið mjög svipaðar að gerð og elsta rústin á Þingnesi. Þ.e. víkingaaldar skáli með greinilega gólfskán, gagnstætt hinum óljósu mannvistarlögum sem yngri búðirnar höfðu.³²

Á Kópavogspingstað fór fram rannsókn á árunum 1973 – 1976 undir stjórn Guðrúnar Sveinbjarnardóttur fornleifafræðings. Ein af niðurstöðum rannsóknarinnar var

³¹ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1992:7-79.

³² Sigurður Vigfússon 1881:8-52. Sjá einnig Matthías Þórðarson 1945:47-52.

sú að þar hefði líklega staðið bær áður en staðurinn var gerður að þingstað. Meðal annars fundust leifar af jarðhúsi sem virtist hafa verið notað sem eldhús og smiðju.³³

Það er athyglisvert að á þessum þremur stöðum sem rannsakaðir hafa verið, og menn hafa talið vera þingstaði, virðist hafa verið um svipaða þróun að ræða. Það er að þar hafi í upphafi staðið bær með fasta búsetu, en að hann sé síðan yfirgefinn og að eftir það sé eingöngu um árstíðabundna viðveru að ræða.

Hugsanlega er þetta þróun sem elstu þingstaðirnir hafa gengið í gegn um, áður en ákveðin skipan komst á fyrirkomulag þingstaða. Í upphafi getur hafa verið hentugt að hittast á einhverjum bæ, sem lá vel við samgöngum á viðkomandi svæði. Hugsanlega voru þingmenn ekki fleiri í upphafi en að þeir kæmust fyrir í sæmilega stórum skála. Þegar þingmönnum fjölgar og þinghald verður formfastara má vel hugsa sér að þingstaðurinn öðlist meiri sérstöðu sem samkomustaður og að þinghald færist þá úr bæjarhúsi yfir í sérstakar þingbúðir.

Enn er ekki hægt að slá neinu föstu um útlit eða þróun þingstaða af því sem sýnilegt er á yfirborði. Fornleifarannsóknir leiða yfirleitt til allt annarra og flóknari niðurstaðna. Hugmyndir sem byggja á eingöngu á yfirborðskönnunum geta því aldrei orðið annað en tilgátur.

Á þingstöðum hafa menn safnast saman í eina til tvær vikur á ári. Hægt er að hugsa sér að þingmenn hafi aðeins notað búðir sínar til þess að hvílast í og að menn hafi annað hvort haft með sér nesti, eða að eldað hafi verið annars staðar við eld eða í sameiginlegu eldhúsi.

Hins vegar geta leifar seljabúskapar sem stundaður hefur verið á sama stað í 200 til 300 ár vel hafa skilið eftir sig minjar sem svipar til minjanna í Þingnesi. Leiða má líkum að báðum þessum tilgátum þannig að enn er ekki hægt að skera úr því með fullri vissu hvort minjarnar í Þingnesi hafa tilheyrt þinghaldi, eða seljabúskap, eða áður óþekktum bæ.

Lokaorð allra þessara hugleiðinga eru því hin sömu og þau sem Sigurður Guðmundsson skrifað hjá sér í minnisbók sína um Þingnes sumarið 1866, að „ekki er hægt að sjá hvort þar er mannvirki á nema grafið væri”.³⁴

³³ Guðrún Sveinbjarnardóttir 1986:77.

³⁴ Sigurður Guðmundsson 1866. Handrit 05:6c.

12 Heimildir

- Adolf Friðriksson 1994. Sannfræði íslenskra fornleifa. *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. Haust 1994:347 – 376. Reykjavík.
- Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1992. Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar. *Saga XXX-1992*:7 – 79.
- Árni Magnússon 1955. *Chorographica Islandica*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Björn Þorsteinsson 1983 Landnám Ingólfs. *Landnám Ingólfs I. Nýtt safn til sögu þess*:9-35. Reykjavík.
- Bruun, Daniel 1898. Nokkurar eyðibygðir í Skagafjarðardölum og Bárðardal. Rannsakaðar sumarið 1897. *Árbók hins íslenska fornleifafélags. Fylgirit 1893*. Reykjavík.
- Bruun, Daniel 1928. *Fortidsminder og nutidshjem paa Island*. København.
- Brynjúlfur Jónsson 1894. Rannsóknir í ofanverðu Árneshringi 1893. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1894*:1-15. Reykjavík.
- Brynjúlfur Jónsson 1898. Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangarvallasveit og Holtasveit í Rangárvallasýslu. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1898*:1-28. Reykjavík
- Brynjúlfur Jónsson 1903. Rannsóknir í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903*:31-52. Reykjavík.
- Collingwood, W. G., Jón Stefánsson 1899. *A Pilgrimage to the Saga-steads of Iceland*. Ulverston.
- Einar Arnórsson 1937. *Alþingi Íslendinga 930 - 1930 I. Réttarsaga Alþingis*. Reykjavík.
- Einar Laxness, 1977. *Íslandssaga I - II*. Reykjavík.
- Gísli Gestsson 1982. Bruget av törv og sten i det islandske huse fra landnamstid til nyere tid. Vestnordisk byggeskik gennem to tusen år. Ed. B. Myhre, B. Stocklund, P. Gjørder. *AmS skrifter 7*:162-172. Stavanger.
- Grágás. *Elsta lögbók Íslendinga* 1852. Útgefin eptir skinnbókinni í bókasafni konungs af Vilhjálmi Finsen. Kaupmannahöfn.
- Guðmundur Ólafsson and Mjöll Snæsdóttir 1976. Rúst í Hegranesi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1975*:69-78. Reykjavík.
- Guðmundur Ólafsson 1984. Rannsóknir á hinum fornu héraðsþingum. *Erindi og greinar* 6. Félag áhugamanna um réttarsögu. Reykjavík.

- Guðmundur Ólafsson 1985. Fornleifarannsóknir á Þingvöllum. *Þingvellir, framtíð og friðun. Ráðstefna 18. maí 1985.*
- Guðmundur Ólafsson 1987. Þingnes by Elliðavatn: The First Local Assembly in Iceland? Proceedings of the Tenth Viking Congress. Larkollen, Norway, 1995:343-349. *Universitetets Oldsakssamlings Skrifter. Ny rekke. Nr. 9.* Oslo.
- Guðmundur Ólafsson 1988. Þingnes, en tingsplats från fristatstiden? XVII Nordiska arkeologmötet i Åbo 1985:287-289. *Finska fornminnerföreningen, ISKOS 7. Helsinki.*
- Guðrún Sveinbjarnardóttir 1986. *Rannsókn á Kópavogspingstað.* Kópavogskaupstaður.
- Helgi Þorláksson 1979. Miðstöðvar stærstu byggða. *Saga XVII:*125-164. Reykjavík.
- Hörður Ágústsson 1982. Den indre opbygning av det islandske tórvehus. Vestnordisk byggeskik gennem to tusen år. Ed. B. Myhre, B. Stocklund, P. Gjørder. *AmS skrifter 7:*255-268. Stavanger.
- Jónas Hallgrímsson 1933. Þingnes í Elliðavatni. *Rit III:*137-142 and 161-165. Reykjavík.
- Íslenzk fornrit I 1968. *Íslendingabók, Landnámabók.* Reykjavík.
- Íslenzk fornrit IV 1935. *Eyrbyggja saga.* Reykjavík.
- Íslenzk fornrit VII 1936. *Grettis saga Ásmundarsonar.* Reykjavík.
- Íslenzk fornrit XIV 1959. *Kjalnesinga saga.* Reykjavík.
- Jón Jóhannesson 1974. *A History of the Old Icelandic Commonwealth.* University of Manitoba.
- Karl Grönvold 1995. Öskulagatímatalið, geislakol, ískjarnar og aldur fornleifa. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1984:163-184. Reykjavík.
- Karl Grönvold Níels Óskarsson, Sigfús J. Johnsen, Henrik Clausen, Claus U. Hammer, Gerard Bond, Edouard Bard 1995. Ash layer from from Iceland in the Greenlandic GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135:149-155.
- Kristinn Magnússon 1986. *Tingsplatser från Islands fristatstid.* Uppsats i medeltidsarkeologi AK 203. Lunds Universitet. Fjölrít.
- Kålund, Kristian 1877 – 82. *Bidrag till en historisk-topografisk beskrivelse av Island I-II.* Kjøbenhavn.
- Matthías Þórðarson 1945. *Þingvöllur, Alþingisstaðurinn forni.* Reykjavík.
- Ólafur Briem 1945. *Heiðinn siður á Íslandi.* Reykjavík.
- Ólafur Lárusson 1945. *Landnám á Snæfellsnesi.* Reykjavík.

Páll Líndal 1985. *Árbók ferðafélags Íslands 1985*. Reykjavík.

Smith, R. Angus 1873 *To Iceland in a Yacht*. Edinburgh.

Smith, R. Angus 1874. On some ruins at Elliða Vatn and Kjalarnes in Iceland.
Proceedings of the Society of Antiquaries of Scotland. Vol. X. Edinburgh.

Sturlunga saga I 1946. Ritstj. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn. Reykjavík.

Sverrir Scheving Thorsteinsson 1975. *Þingnes við Elliðavatn. Ljósrit heimilda*.
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Reykjavík.

Sigurður Vigfússon 1881. Rannsókn á blóthúsinu að Þyrli og fleira í Hvalfirði og um
Kjalarnes. 1889. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1880-1881*:65-78. Reykjavík.

Sigurður Vigfússon 1893. Rannsókn í Kjalarnesþingi 1889. *Árbók hins íslenska
fornleifafélags 1893*:24-27. Reykjavík.

Þorkell Grímsson 1962. Rannsókn á svonefndri lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi.
Árbók hins íslenska fornleifafélags 1962:100-114.

Þorvaldur Thoroddsen 1913. *Ferðabók I*. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882 – 1898.
Kaupmannahöfn 1913:119 – 120.

12.1 Óbirt gögn

Guðmundur Ólafsson 1981 - 2003. *Dagbækur, teikningar, myndir og önnur
uppgraftargögn frá Þingnesi*. Þjóðminjasafn Íslands.

Sarpur. Menningarsögulegur gagnagrunnur. Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Guðmundsson. *Minnisbók 05:6-c frá 1866*. Þjóðminjasafn Íslands.

Örnefnastofnun. *Þingnes. Örnefnaskrár*.